skoðun 10

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

Minjagripirnir snúa aftur
Á tímum hafa minjagripir þótt hallærislegir en þeir skjóta nú upp kollinum á ný.
allt 2

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
19. september 2011
218. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Miðla af reynslu
Kraftur gefur út dvd-disk með reynslusögum og góðum ráðum.
tímamót 14

Á kafi í Iron Maiden
Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir býr sig undir hlutverk í kvikmynd.
fólk 26

Frábær sigur á Noregi
A-landslið kvenna sýndi allar sínar bestu hliðar á Laugardalsvellinum.
sport 20

veðrið í dag

SKÚRIR verða víða um land en rigning suðaustan og austan til. Strekkingur með austurströndinni en annars hægari vindur. Hiti á bilinu 10 til 15 stig.
VEÐUR 4

Viltu vinna miða á Galdrakarlinn í OZ?
Taktu þátt í léttum leik á islandsbanki.is.
Dregið verður 21. sept.
Íslandsbanki

Mesta áhættan fyrir fjárfesta hér á landi

Ekkert annað vestrænt ríki fær verri einkunn í áhættumati fyrir erlenda fjárfesta en Ísland. Áhættusamara að fjárfesta á Íslandi en í Mexíkó, Búlgaríu og Túnis. Skýrir að hluta skort á beinni erlendri fjárfestingu segir lektor við HR.

EFNAHAGSMÁL Ísland fær verstu einkunn allra vestrænna ríkja í nýju áhættumati tryggingafyrirtækisins Aon sem hannað er fyrir fjárfesta.

Þar segir að áhætta fylgi fjárfestingum hér á landi vegna hættu á pólitískum afskiptum, verkföllum, óeirðum og jafnvel greiðsluþroti íslenska ríkisins. Þá sé gengisflökt einnig áhætta sem mögulegir fjárfestar þurfi að hafa í huga.

Áhættusamara er að fjárfesta á Íslandi en í nokkru öðru ríki Vestur-Evrópu. Lönd sem lenda í sama áhættuflokki og Ísland eru til dæmis Egyptaland, Rússland, Kína, Tyrkland, Lettland og Albanía. Lönd sem talin eru skárri til fjárfestinga eru til dæmis Mexíkó, Marokkó, Túnis, Búlgaría og Litháen.

> Erlendir fjárfestar óttast öðru fremur geðþóttaákvarðanir stjórnvalda og ófyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi.
>
> **AÐALSTEINN LEIFSSON**
> LEKTOR VIÐ VIÐSKIPTADEILD HR

Þetta mat á Íslandi sem fjárfestingarkosti rímar ágætlega við mælingu Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD), sem telur hvergi innan OECD viðlíka hindranir á beinni erlendri fjárfestingu og hér á landi.

„Erlendir fjárfestar óttast öðru fremur geðþóttaákvarðanir stjórnvalda og ófyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi," segir Aðalsteinn Leifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík í grein í Fréttablaðinu í dag.

„Bein erlend fjárfesting er lítil á Íslandi í samanburði við önnur lönd og nær eingöngu bundin við áliðnað. Ein af ástæðunum er sú skynjun að það sé áhættusamt að fjárfesta á Íslandi," segir Aðalsteinn.

Hann setur þetta í samhengi við áhuga kínverska kaupsýslumannsins Huangs Nubo á að kaupa Grímsstaði á Fjöllum. „Ef Huang Nubo verður neitað um heimild til að fjárfesta á Íslandi er nauðsynlegt að rökstyðja þá ákvörðun með hlutlægum og málefnalegum rökum. Að öðrum kosti mun orðspor Íslands tengt beinni erlendri fjárfestingu bíða enn frekari hnekki," segir Aðalsteinn.

- bj / sjá síðu 12

HETJA Svínið er hetja í heimalandi sínu eftir jarðskjálftana miklu í Kína árið 2008. NORDICPHOTOS/AFP

Kínverskir vísindamenn:

Klónuðu hetjusvínið Zhu

KÍNA **Kínverskir vísindamenn hafa klónað hetjusvínið Zhu Jiangqiang sem lifði af yfir mánaðarlanga dvöl undir braki eftir jarðskjálftana miklu í landinu árið 2008.**

Sex litlir grísir voru klónaðir með DNA úr hinum 150 kílóa þunga gelti, en nafn hans útleggst sem „viljasterka svínið" á íslensku. Framkvæmdin gekk vel þó að Zhu hafi verið geltur og orðinn fimm ára, eða sextugur í mannárum.

Talið er að Zhu hafi lifað hina 36 daga vist undir brakinu af með því að tyggja kol og drekka regnvatn. Grísirnir hafa allir fæðingarblett milli augnanna eins og Zhu. - kg

HAUSTIÐ SÆKIR AÐ Íbúar suðvesturhornsins voru í gær minntir á haustið þegar hressilegt rok og rigning gengu yfir með látum. Margir tóku stefnuna á Hörpuna þar sem vel fór um gesti innandyra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldaeyrisjóðsins varar við hættu af ríkisskuldum:

Heimurinn er á barmi bankakreppu

FJÁRMÁL „Við erum nú komin á nýtt og hættulegt stig," segir Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, um þá erfiðleika sem steðja að þjóðum heims vegna skuldavanda einstakra ríkja.

Lagarde segir að til þess að hægt sé að stýra í gegn um vandann sem við blasi, vegna þess að sum ríki geti ekki staðið við skuldbindingar, þurfi sterkan pólitískan vilja á heimsvísu.

Fulltrúar ríkjanna sem eiga aðild að G20 hópnum svokallaða hittast í Washington í Bandaríkjunum á fimmtudaginn. Verkefnið þar er hindra að skuldakreppa tiltekinna ríkja leiði til allsherjar bankakreppu. Rætt er um að kreppan yrði verri en sú sem varð eftir fall Lehmans-bankans í Bandaríkjunum árið 2008.

Hluti vandans er hversu mikla fjármuni evrópskir bankar, sérstaklega franskir bankar, hafa bundið í skuldabréfum ríkja sem nú eru nálægt greiðslufalli. Tal þýskra embættismanna um greiðslufall Grikklands og að landið yfirgefi evrusamstarfið hefur leitt til þess að fjárfestar reyna nú að losa sig við grísk ríkisskuldabréf. - gar

Bókaútgáfan Crymogea:

Samningur upp á 30.000 bækur

BÆKUR Bókaútgáfan Crymogea hefur gert samning við National Geographic Deutschland um framleiðslu á röð ferðabóka um Norðurlönd. Bókaröðin heitir 22 places you absolutely must see.

Samningurinn felst í því að Crymogea, sem hefur starfað frá 2008, tekur að sér að hanna og framleiða röð ferðabóka sem koma út í Þýskalandi vorið 2012.

Til að byrja með verða framleidd alls 30.000 eintök af þókum um Danmörku, Finnland, Ísland, Noreg og Svíþjóð, þar sem sjónum er beint að áhugaverðum stöðum í löndunum.

Ljósmyndir eru eftir Vigfús Birgisson og Pál Stefánsson. - kg

SPURNING DAGSINS

Hildigunnur, var þetta ekki svínsleg framkoma?

„Það var að minnsta kosti grísaheppni að sleppa.“

Hildigunnur Georgsdóttir dýralæknir sagði frá því um helgina hvernig hún varð eitt sinn fyrir árás risastórrar gyltu sem var að verja grísina sína.

Fæddust samvaxnar á höfði í Súdan en gengust undir aðgerð í London:

Aðskilnaður síamssystra heppnaðist

LONDON Tvíburasysturnar Rital og Ritag Gaboura, sem fæddust samvaxnar á höfði í september í fyrra, voru aðskildar af hópi breskra lækna í London í síðasta mánuði. Samkvæmt frétt BBC virðast stúlkurnar ekki hafa hlotið varanlegan taugaskaða eins og mikil hætta var á. Þó segja læknar að erfitt sé að staðfesta það fyrr en systurnar eldast. Einungis einn af hverjum tíu milljónum sem fæðast svona lifir af. .

Rital og Ritag fæddust í Kartúm í Súdan og sáu góðgerðasamtökin Facing the World um flutning þeirra til London. Æðakerfið var tengt á milli heila. Því var aðgerðin, sem gerð var á Great Ormond Street-barnaspítalanum, lífsnauðsynleg.

Afar sjaldgæft er að tvíburar fæðist samvaxnir og aðeins um fimm prósent þeirra eru samvaxnir á höfði. Foreldrar systranna, sem báðir eru læknar, sögðust afar þakklátir fyrir að geta snúið aftur til síns heima með stúlkurnar aðskildar og heilbrigðar. „Við erum mjög þakklát Facing the World-samtökunum, sem borguðu fyrir aðgerðina, og læknunum sem unnu í sjálfboðavinnu. Við vitum um fleiri börn sem þarfnast slíkrar hjálpar og eru að leita að hjálp,“ sögðu foreldrarnir. - kg

AÐSKILDAR Rital og Ritag virðast ekki hafa hlotið eins mikinn taugaskaða og hætta var talin á. NORDICPHOTOS/AFP

Borgarráð hvetur skóla:

Veitir milljón í menningarfána

REYKJAVÍKURBORG Menning og listir eiga að fá viðurkenningu sem markviss þáttur í uppeldi, leik og námi barna á öllum skólastigum í Reykjavík. Í þessu skyni hefur borgarráð samþykkt að verja einni milljón króna til að fjármagna stofnkostnað vegna svokallaðs Menningarfána.

Fánann fá síðan þeir skólar sem þykja sýna framúrskarandi menningarstarf. Verkefnið verður unnið í samstarfi stofnana borgarinnar og samtaka listamanna. - gar

Viðtal við Strauss-Kahn:

Segist sjá eftir samskiptunum

PARÍS Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, lýsir samskiptum sínum og hótelþernunnar Nafissatou Diallo í New York sem „óviðeigandi“. Þetta kom fram í fyrsta sjónvarpsviðtali Strauss-Kahn síðan mál á hendur honum, vegna tilraunar til nauðgunar, var látið niður falla í ágúst.

DOMINIQUE STRAUSS-KAHN

Viðtalið var sýnt á frönsku sjónvarpsstöðinni TV1. Spyrjandi var fréttakonan Claire Chazal, vinkona eiginkonu framkvæmdastjórans fyrrverandi.

Diallo hefur höfðað skaðabótamál á hendur Strauss-Kahn. Í viðtalinu sagðist hann hafa brugðist konu sinni og frönsku þjóðinni, en sagðist hvorki hafa reynt að nauðga Diallo né franskri blaðakonu, Tristane Banon, sem einnig hefur sakað hann um nauðgunartilraun.

Menntaráð borgarinnar:

Íþróttahús rísi við Klettaskóla

MENNTAMÁL Tillaga um að ráðist verði í viðbyggingu sem hýsi íþróttasal og sundlaug við Klettaskóla, áður Öskjuhlíðarskóla, var samþykkt á fundi menntaráðs fyrir skömmu.

Þá verður skoðað hvort Klettaskóli og Brúarskóli geti samnýtt íþróttaaðstöðu en skólarnir eru þeir einu af þeim borgarreknu sem geta hvorki boðið nemendum upp á aðgengi að íþróttasal á eigin lóð né í næsta nágrenni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og VG í menntaráði lögðu tillöguna fram en jafnframt skal kanna möguleika á samnýtingu íþróttahússins með Suðurhlíðaskóla. - jma

Spara má mikið fé hjá ferðaþjónustu fatlaðra

Verulegt svigrúm er til að spara í ferðaþjónustu við fatlað fólk segir starfshópur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg gæti sparað 116 milljónir króna ef borgin hefði sams konar samning og Kópavogur eftir nýlegt útboð þar.

SVEITARSTJÓRNIR Framkvæmdahópur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu leggur til að sveitarfélögin nýti hagkvæmni stærðarinnar og sameinist í útboði á ferðaþjónustu við fatlaða.

„Þegar fyrirliggjandi gögn eru skoðuð vekur athygli að meðalkostnaður á ferð er nokkuð mismunandi milli minni sveitarfélaganna og langhæstur hjá Reykjavíkurborg og Álftanesi,“ segir í niðurstöðum starfshópsins. Meðalkostnaður á hverja ferð í Reykjavík sé 2.111 krónur og 2.300 krónur á Álftanesi. Meðalkostnaður hinna sveitarfélaganna sé hins vegar 1.639 krónur á ferð.

„Væri kostnaður borgarinnar í takt við meðalkostnað hinna sveitarfélaganna þá myndu sparast rúmar 85 milljónir á ársgrundvelli. Væri kostnaður borgarinnar sambærilegur og í nýlegu útboði Kópavogs þá yrði sparnaðurinn 116 milljónir,“ bendir framkvæmdahópurinn á og bendir á að öll sveitarfélögin nema Kópavogur séu nú með lausa samninga um þessa þjónustu. Í Kópavogi er meðalverðið á ferð 1.588 krónur og í Hafnarfirði er verðið enn lægra, 1.524 krónur.

Framkvæmdahópurinn leggur til að haldið verði sameiginlegt útboð í síðasta lagi í nóvember næstkomandi. Forsendur verði meðal annars að þjónustan verði ekki lakari en í dag og að fulltrúar hagsmunaðila séu ekki ósáttir við þá lausn sem finnst. Þá hvetur hópurinn til að skoðað verði hvernig fatlaðir geti í ríkari mæli nýtt sér almenningssamgöngur.

Skoðun framkvæmdahópsins náði ekki til ferðaþjónustu við grunnskólanema. Í sveitarfélögunum sjö eigi 1.535 einstaklingar rétt á þjónustunni sem til athugunar var. Í fyrra voru farnar samtals 325.224 ferðir með fólk úr þessum hópi.

Niðurstöður framkvæmdahópsins hafa nú verið sendar bæjarráðum sveitarfélaganna sem enn eru með málið til skoðunar. Aðeins bæjarráð Álftaness hefur nú þegar lýst áhuga á frekari samvinnu og útboði í samræmi við niðurstöðu starfshópsins. gar@frettabladid.is

ÞURFA AÐ KOMAST SINNA FERÐA Alls voru farnar 325.224 ferðir á vegum sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu með fatlaða í fyrra. Starfshópur leggur til að sveitarfélögin sameinist um útboð á þjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kostnaður við ferðaþjónustu fatlaðra

Sveitarfélag	2006	2007	2008	2009	2010
Álftanes	1.165	1.620	2.110	2.300	
Garðabær	1.165	1.361	1.471	1.621	
Hafnarfjörður	870	1.063	1.117	1.405	1.524
Kópavogur	940	1.010	1.254	1.422	1.588
Mosfellsbær	1.110	1.211	1.400	1.570	1.645
Reykjavík	1.482	1.540	1.874	2.044	2.111
Seltjarnarnes	1.186	1.292	1.570	1.646	1.796

Meðalkostnaður í krónum á hverja ferð.
Heimild: Framkvæmdahópur SSH.

Aðgerðir Baracks Obama:

Hækkar skatta á hátekjufólk

BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti stefnir að því að hækka skatta á ríkustu samlanda sína. Reglurnar eru svör við ákalli um að auðmenn axli auknar byrðar við lausn á skuldavanda landsins.

BARACK OBAMA

Ljóst er að hinn fyrirhugaði skattur verður lagður á heimili sem hafa yfir eina milljón Bandaríkjadala, eða tæpar hundrað og sautján milljónir króna, í árstekjur.

Starfsmenn Hvíta hússins segja að Obama muni skýra frumvarp sitt nánar í dag, um leið og hann kynnir langtímaáætlun sína til að minnka viðskiptahalla Bandaríkjanna. - kg

Skjálfti á Indlandi og í Nepal:

Ellefu létust í hörðum skjálfta

HAMFARIR Í það minnsta ellefu eru látnir eftir að öflugur jarðskjálfti reið yfir Nepal og norðurhéruð Indlands seinnipartinn í gær. Björgunarsveitir leituðu í gærkvöldi að fólki sem talið var að væri fast í húsarústum.

Jarðskjálftinn mældist 6,8 stig á Richter en upptök hans voru um það bil tvö hundruð og sjötíu kílómetra vestur af höfuðborg landsins, Katmandú.

Fimm létust í Nepal, þar af þrír þegar breska sendiráðið í Katmandú hrundi í skjálftanum. Þá féllu maður og átta ára gamalt barn hans af mótorhjóli í skjálftanum og létust. Unnið var að því í gærkvöldi að flytja björgunarsveitarmenn, lögreglumenn og herlið á svæðið. Óttast var að tala látinna kynni að hækka. - kg

SIEMENS
Tækifæri
Bakstursofn
HB 32AB540S
Tækifærisverð:
139.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 179.900 kr.)
Spanhelluborð
EH 651TE11E
Tækifærisverð:
139.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 179.900 kr.)
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Biskup Íslands vígði séra Kristján Val Ingólfsson til embættis vígslubiskups:

Fjölmenni við vígsluathöfn

KIRKJAN Séra Kristján Valur Ingólfsson var í gær vígður til embættis vígslubiskups við hátíðlega athöfn í Skálholtsumdæmi að viðstöddu fjölmenni. Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, vígði séra Kristján í Skálholtsdómskirkju, en um 400 manns fylgdust með athöfninni.

Ásamt biskupi þjónuðu fyrir altari séra Egill Hallgrímsson, sóknarprestur í Skálholti, séra Kristinn Ólason, rektor Skálholtsskóla, og séra Jón Aðalsteinn Baldvinsson, vígslubiskup Hólaumdæmis.

Ritningarlestur var í höndum forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein, Þóreyjar Daggar Jónsdóttur djákna, og Sólveigar Fiske, biskups í Noregi.

Vígslunni lýsti séra Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur í Suðurprófastsdæmi, en nývígður biskup flutti predikun. Í henni sagði séra Kristján Valur meðal annars að sýnileiki kirkjunnar kæmi fram í samhjálp í öllum greinum. „Ekki aðeins í fjárhag heldur einnig í líkamlegri og andlegri velferð.“

Vígsluvottar voru níu talsins, þeirra á meðal erlendir kirkjunnar þjónar, svo sem biskup Færeyja, Jógvan Fríðriksson, David Hamid, biskup í Gíbraltar, fulltrúi erkibiskupsins í Kantaraborg, Ragnar Persenius, biskup í Uppsölum í Svíþjóð og séra Hans Georg Ostreicher, fulltrúi EMB í Þýskalandi. - jma

KIRKJAN OPIÐ HÚS Nývígður vígslubiskup, Kristján Valur Ingólfsson, sagði í predikun sinni að Skálholtskirkja væri opið hús, eins sjaldan lokuð og mögulegt væri. MYND/ÚR EINKASAFNI

Android símatilboð hjá Nova!

1.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!

4.490 kr. /12 mán.

HTC Wildfire S

1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!

Stgr.: 49.990 kr.

1.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!

2.690 kr. /12 mán.

LG Optimus Me

1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!

Stgr.: 29.990 kr.

1.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!

3.490 kr. /12 mán.

LG Optimus One

1.000 kr. símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!

Stgr.: 39.990 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919

www.nova.is | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova: Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

GENGIÐ 16.09.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,65	116,21
Sterlingspund	183,01	183,89
Evra	159,68	160,58
Dönsk króna	21,435	21,561
Norsk króna	20,685	20,807
Sænsk króna	17,459	17,561
Japanskt jen	1,5069	1,5157
SDR	182,36	183,44

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,4703
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

FISKVEIÐAR Makrílafli var verulega meiri í ágúst en í sama mánuði í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meiri í tonnum talið í ágúst:

Verðmæti afla lægra en í fyrra

SJÁVARÚTVEGUR Heildarafli íslenskra skipa í ágúst var fimmtungi minni á föstu verði en afli í sama mánuði í fyrra. Á þessu ári hefur afli aukist um 1,0 prósent miðað við sama tímabil í fyrra.

Afli í ágúst nam alls 110.087 tonnum en var 116.178 tonn í sama mánuði í fyrra. Botnfiskafli dróst saman um rúm 10.000 tonn milli ára og nam 24.000 tonnum. Þar af var þorskafli 9.500 tonn.

Ríflega 83.600 tonnum af uppsjávarafla var landað í ágúst en 79.000 tonnum í ágúst 2010. Síldarafli dróst saman um 22.000 tonn milli ára en makrílafli jókst hins vegar um 27.400 tonn. - mþl

LÖGREGLUMÁL

Tíu gistu fangageymslur

Alls gistu tíu manns fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt, þar af voru fjórir teknir fyrir ölvunarakstur. Þá var einn handtekinn vegna minniháttar líkamsárásar fyrir utan skemmtistaðinn Óliver. Talsverð ölvun var í miðborginni í fyrrinótt.

ÁRÉTTING

Vegna fréttar í helgarblaði Fréttablaðsins af máli litháískrar konu sem grunuð er um að hafa orðið völd að dauða nýfædds barns síns skal áréttað að talið er víst að barnið hafi verið lifandi þegar konan fæddi það.

Samið um lok Alþingis sem lauk störfum sínum á laugardag:

Tuttugu ný lög á einum degi

ALÞINGI Þingmenn höfðu í nógu að snúast á laugardag, en samkomulag náðist um að ljúka þinghaldi þann dag. Alls urðu tuttugu mál að lögum á þessum síðasta degi þingsins. Ríkisstjórnin kom þó ekki öllum málum sínum gegnum þingið.

Meðal laga sem samþykkt voru á laugardag má nefna lög um gjaldeyrishöft, en stjórnin hafði gefið nokkuð eftir í því máli. Höftin voru framlengd til tveggja ára en ekki fjögurra eins og ríkisstjórnin hafði fyrirhugað. Þá verður vald til að ákvarða fjölda ráðuneyta áfram í höndum þingsins, en færist ekki til

ALÞINGI Þingmenn tókust hart á um ýmis mál og brigsluðu stjórnarliðar stjórnarandstæðingum um málþóf.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

forsætisráðherra líkt og frumvarp hafði gert ráð fyrir.

Heildarlög voru samþykkt fyrir Þjóðminjasafn Íslands og Landsbókasafn - Háskólabókasafn, auk nýrra safnalaga. Þá var Árósarsamningurinn fullgiltur, en fimm ár eru síðan umhverfisráðherra skipaði starfshóp um fullgildingu hans. Nokkuð hefur verið gagnrýnt að réttur til að kæra stjórnvaldsákvarðanir til Úrskurðarnefndar er bundinn þeim sem eiga lögvarða hagsmuni í málinu.

Þá var samþykkt heimild til Íbúðalánasjóðs um að bjóða upp á óverðtryggð lán og virðisaukaskattur á rafbækur var lækkaður niður í sjö prósent. - kóp

Kosningar í Lettlandi:

Rússar fengu flest atkvæði

LETTLAND Samhljómsflokkurinn, flokkur rússneskumælandi Letta, fékk flest atkvæði í kosningunum í Lettlandi á laugardag. Þegar næstum öll atkvæði höfðu verið talin í gær virtist þó sem flokkurinn næði ekki hreinum meirihluta.

Samhljómsflokkurinn hlaut 29% atkvæða, Endurreisnarflokkur forsetans fyrrverandi, Valdis Zatlers, 21% og Sameiningarflokkur forsætisráðherrans Dombrovskis 18%. Líklegt er að Zatlers og Dombrovskis muni reyna að mynda samsteypustjórn. - kg

Hryðjuverkalög Breta kostuðu Ísland stórfé

Erfitt er að meta tjón Íslendinga af hryðjuverkalögunum sem Bretar beittu Landsbankann. Í nýrri skýrslu er beint tjón fyrirtækja talið tveir til níu milljarðar króna. Fjármálaráðherra telur tjónið meira. Málsókn gegn Bretum er skoðuð.

STJÓRNSÝSLA Beint tjón sem íslensk fyrirtæki urðu fyrir vegna þess að Bretar notuðu hryðjuverkalög til að frysta eignir Landsbankans er metið á bilinu tveir til níu milljarðar króna í nýrri skýrslu fyrir fjármálaráðuneytið.

Þingmenn Sjálfstæðisflokks óskuðu eftir því í mars að fjármálaráðherra gerði Alþingi grein fyrir fjárhagslegum afleiðingum af beitingu hryðjuverkalaganna. IFS Greining var fengin til að rannsaka málið. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lagði skýrslu IFS fram á Alþingi á laugardag. Ekki náðist í Steingrím í gær. Í samtali við Stöð 2 sagðist hann telja tjónið enn meira en segi í skýrslunni. Hann útilokaði ekki skaðabótamál gegn Bretum þótt árangur af því væri vafasamur. Bæði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, og Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sögðust um helgina telja að undirbúa ætti málsókn.

Úttekt IFS greiningar beindist að fjörutíu stærstu inn- og útflutningsfyrirtækjum landsins. „Þegar kannað var hvort beiting hryðjuverkalaganna hefði með beinum hætti haft áhrif á fyrirtækin, til dæmis með því að sendingar stöðvuðust eða hætt var við viðskipti með tilvísun til þeirra, sögðu þau flest svo ekki vera," segir í skýrslunni. Myndin breytist hins vegar varðandi óbeinu áhrifin. „Einungis um tíu prósent fyrirtækjanna telja sig ekki hafa orðið fyrir neinum óbeinum áhrifum af beitingu neyðarlaganna. Um 60 prósent telja sig hafa orðið fyrir smávægilegum áhrifum, ríflega fjórðungur talsverðum og um þrjú prósent miklum óbeinum áhrifum."

GORDON BROWN OG ALISTAIR DARLING Villandi yfirlýsingar breskra ráðamanna eru sagðar hafa bætt gráu ofan á svart eftir að hryðjuverkalögunum var beitt.
NORDICPHOTOS/AFP

Ástæður óbeins tjóns

1. Tafir og vandræði í erlendri greiðslumiðlun.
2. Niðurfelling gjaldfresta hjá birgjum.
3. Mannauður sem fór í að leita lausna og upplýsa hlutaðeigendur.
4. Laskað orðspor.

Heimild: IFS Greining / fjármálaráðuneytið.

Skýrsluhöfundar segja eina helstu niðurstöðuna úr viðtölum við fyrirtækin þá að þau eiga í miklum erfiðleikum með að skilja þátt beitingar hryðjuverkalaganna frá öllu öðru sem gekk á í september og október 2008.

Að mati IFS er beint tjón á bilinu tveir til níu milljarðar króna hjá fyrirtækjum í landinu. „Langmestan hluta þess tjóns má rekja til niðurfelldra gjaldfresta. Þetta mat er óvissu háð auk þess sem fleira kemur til en beiting hryðjuverkalaganna af hálfu Breta. Flest bendir til þess að óbeint tjón sé mun hærra og líklegt er að laskað orðspor íslensks efnahagslífs – og þar með íslenskra fyrirtækja – hafi langmest tjón í för með sér. Hver þáttur beitingar hryðjuverkalaganna var og er á orðsporið og hversu langan tíma tekur að vinna orðsporið til baka er nær ómögulegt að meta."

gar@frettabladid.is

HS-veitur breyta verðskrá:

Sundlaugarvatn hækkar í verði

ORKUMÁL HS veitur hf. ætla að skerða afsláttarkjör sem sundlaugar hafa notið við kaup á heitu vatni. „Breytingin felur í sér að kostnaður Sundmiðstöðvar Grindavíkur vegna kaupa á heitu vatni mun hækka um 2,2 milljónir á ári frá 1. janúar 2012," segir bæjarráð Grindavíkur sem kveðst harma að uppskipting Hitaveitu Suðurnesja leiði til aukins kostnaðar við sölu á heitu vatni til almenningssundlauga á Suðurnesjum.

„HS veitur hf. eru í einokunaraðstöðu við sölu á heitu og köldu vatni á svæðinu og skorar bæjarráð á stjórn félagsins að endurskoða ákvörðunina með fjárhagsstöðu sveitarfélaga á svæðinu í huga," segir bæjarráðið. - gar

Neysla á fitusnauðri jógúrt:

Sögð auka líkurnar á astma

HEILBRIGÐISMÁL Barnshafandi konur sem borða fitusnauða jógúrt á meðgöngu auka hættuna á að börn þeirra þjáist af astma og heymæði, samkvæmt niðurstöðum úr danskri rannsókn. Ástæða þess mun vera skortur á verndandi fitusýrum í slíkum vörum.

Mataræði yfir 70.000 danskra kvenna var greint og heilsa barna þeirra könnuð upp að sjö ára aldri. Samkvæmt niðurstöðunum voru börn kvenna sem borðuðu fitusnauða jógúrt á meðgöngu 1,6 sinnum líklegri til að greinast með astma fyrir sjö ára aldur.

Rannsóknin, sem unnin var í Statens Serum Institut í Danmörku, sýndi einnig fram á að neysla mjólkur á meðgöngu eykur ekki líkurnar á astma. - kg

2 fyrir 1 til Prag
29. september
Frá kr. 39.900

Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin
Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Prag 29. september í 3 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

Verð kr. 39.900
Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 29. september í 3 nætur. Netverð á mann.
Verð áður kr. 79.800.

Verðdæmi fyrir gistingu:
Kr. 15.300 á mann í tvíbýli á mann á hótel ILF ★★★ í 3 nætur. Verð fyrir einbýli kr. 27.900
Kr. 16.800 á mann í tvíbýli á mann á hótel Duo ★★★★ í 3 nætur. Verð fyrir einbýli kr. 26.700

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

ÚRKOMA verður víða á landinu í dag, rigning suðaustan og austanlands en annars staðar skúrir. Á milli skúra sést þó líklega eitthvað til sólar. Á morgun lítur út fyrir bjart veður norðanlands en skúraleiðingar sunnan til.



HEIMURINN

Alicante	25°
Basel	23°
Berlín	17°
Billund	16°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	12°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	26°
London	19°
Mallorca	24°
New York	20°
Orlando	30°
Ósló	15°
París	20°
San Francisco	25°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Fíton/SÍA

Hvenær losnum við úr álögunum?

Þrátt fyrir baráttu undanfarinna áratuga liggur óútskýrður launamunur kynjanna enn sem mara á þjóðinni. Gefumst ekki upp. Höldum áfram og léttum álögunum!

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

KJÖRKASSINN

Eiga íslensk stjórnvöld að endurskoða hvalveiðar í atvinnuskyni vegna aðgerða Bandaríkjanna?

Já 17,9

Nei 82,1

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að höfða skaðabótamál gegn Bretum vegna beitingar hryðjuverkalaga á Landsbankann?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

ROKKVÉLIN Bruce Dickinson, söngvari hljómsveitarinnar Iron Maiden, flýgur einni af vélum Iceland Express.

Metár hjá Iceland Express:

Haustið lofar mjög góðu

VIÐSKIPTI Aldrei hafa fleiri farþegar flogið með vélum Iceland Express en það sem af er ári. Á fyrstu átta mánuðum ársins voru farþegarnir rétt tæplega 360 þúsund talsins samanborið við 289 þúsund á sama tíma í fyrra. Þetta er tæp 25 prósent fjölgun farþega á milli ára.

Haustið lofar góðu en bókanir í þessum mánuði og næsta eru þrjátíu prósentum fleiri en í sömu mánuðum í fyrra, að því er fram kemur í tilkynningu frá flugfélaginu. **- jab**

Noreg og S-Afríku greinir á:

Deilt um handtösku ráðherra

NOREGUR Yfirvöld í Suður-Afríku hafa mótmælt meðferðinni sem utanríkisráðherra landsins, Maite Emily Nkoana-Mashabane, fékk á Gardermoen-flugvellinum við Ósló fyrir skömmu.

Við brottförina frá Noregi neitaði utanríkisráðherrann að láta öryggisverði gegnumlýsa handtöskuna á grundvelli diplómatískrar friðhelgi.

Þegar Nkoana-Mashabane var þá neitað um brottför pantaði hún einkaflug sem mun hafa kostað hana nálægt jafnvirði fjögurra milljóna íslenskra króna, að því er greint er frá á fréttavef Dagens Nyheter.

Norsk yfirvöld segja aðeins þjóðhöfðingja sleppa við eftirlitið. **- ibs**

Almenn bólusetning stúlkna í 7. og 8. bekk gegn leghálskrabbameini:

Dreifing bóluefnisins er hafin

HEILBRIGÐISMÁL Dreifing á bóluefni gegn HPV, sem getur valdið leghálskrabbameini, hófst fyrir helgi. Í framhaldi af því hefst almenn bólusetning stúlkna í 7. og 8. bekk grunnskóla. Framkvæmd bólusetningarinnar er í höndum heilsugæslunnar. Bólusett verður með bóluefninu Cervarix og felur full bólusetning í sér þrjár sprautur sem gefnar verða á sex til tólf mánaða tímabili.

HPV er skammstöfun fyrir Human Papilloma Virus, sem er algeng veira, einkum meðal ungs fólks, og smitast auðveldlega við kynmök. Talið er að um áttatíu prósent þeirra sem stunda kynlíf smitist af veirunni einhvern tímann á ævinni, en veiran hefur margar undirtegundir sem geta valdið kynfærasjúkdómum. Í flestum tilfellum hverfur veiran úr líkamanum af sjálfu sér, en sumar tegundir hennar geta valdið viðvarandi forstigsbreytingum í leghálsi sem með tímanum geta orðið að leghálskrabbameini, samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni.

HPV-bóluefnið er fyrirbyggjandi og því þarf að bólusetja stúlkur áður en þær hefja kynmök. **- jss**

BÓLUSETNING Bóluefnið er fyrirbyggjandi og því þarf að bólusetja stúlkur áður en þær hefja kynmök.

Hvatningarverðlaun leikskóla:

Veitt að hausti að þessu sinni

REYKJAVÍK Hvatningarverðlaun leikskólasviðs Reykjavíkurborgar verða veitt að hausti þetta árið, en ekki að vori eins og verið hefur undanfarin ár, samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg.

Verðlaunin eru veitt leikskólum eða starfsmönnum þeirra sem á einhvern hátt þykja hafa skarað fram úr öðrum. Fyrirmynd þeirra eru sambærileg verðlaun sem veitt hafa verið á grunnskólastigi. Hvatningarverðlaun leikskóla voru veitt í fyrsta sinn árið 2006. **- sh**

Verðum að standa saman

Tvær baráttukonur frá Bosníu sem eru staddar hér á landi segja að nauðsynlegt sé fyrir grasrótarsamtök að ná saman til að vinna að sameiginlegum markmiðum. Mikilvægt að karlmenn taki þátt í umræðunni.

SAMFÉLAGSMÁL UN Women hafa öðruvísi nálgun á réttindabaráttu kvenna en flest önnur alþjóðleg samtök. Þetta er afskaplega mikilvægur samvinnuvettvangur sem gerir það að verkum að minni félög um heim allan geta tengst og unnið saman að sameiginlegum markmiðum.

Þetta er mat Sabiha Husic og dr. Zilka Spahic-Siljac, tveggja kvenna frá Bosníu, sem hafa barist í fjölda ára fyrir réttindum kvenna í landinu. Þær eru nú staddar hér á landi í tilefni af Fiðrildaviku UN Women og munu taka þátt í málþingi samtakanna og Háskóla Íslands.

„Samtökin UN Women veita okkur þann stuðning, skilning og hvatningu sem þarf til að standa vörð um réttindi kvenna," segir Spahic-Siljac. „Kynbundið ofbeldi á sér stað um allan heim og það þarf að uppræta. Konur þurfa að hafa meiri áhrif varðandi efnahags- og öryggismál, sérstaklega þar sem stríð hefur geisað."

> Við náðum að virkja karlmenn í tólf bæjarfélögum í Bosníu til að taka þátt í verkefnum okkar og það gekk vonum framar.
>
> **DR. ZILKA SPAHIC-SILJAC**

Að mati kvennanna hefðu þau samtök sem þær standa að ekki náð sama árangri og raun ber vitni ef ekki hefði verið fyrir tilstuðlan UN Women.

„Við höfum náð miklum árangri í Bosníu og það var, og er, mikil þörf á því. Við höfum náð að koma okkur í samband við önnur sambærileg samtök úti í heimi og það er ómetanlegt."

DR. ZILKA SPAHIC-SILJAC OG SABIHA HUSIC Konurnar segja starf UN Women ómetanlegt í réttindabaráttu kvenna í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Husic tekur undir orð Spahic-Siljac og undirstrikar mikilvægi tengslanets í grasrótarstarfi. „Við höfum unnið mikið með ólíkum hópum; konum sem hafa verið fórnarlömb stríðs, upplifað kynbundið ofbeldi og mansal.

En við áttuðum okkur betur á því, fyrir tilstuðlan UN Women, að það er einnig mikilvægt að fá karlmenn með í umræðuna," segir Husic og bætir við að nú í fyrsta sinn séu karlmenn virkir í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi í Bosníu.

„Við náðum að virkja karlmenn í tólf bæjarfélögum í Bosníu til að taka þátt í verkefnunum okkar og það gekk vonum framar," segir hún.

Spahic-Siljac hefur unnið mikið með trúarbrögð í ólíkum samfélögum og notar trúarleg gildi til að ná til fólksins.

„Við höfum rannsakað hvernig hægt er að tala um kynbundið ofbeldi út frá ólíkum trúarbrögðum og það skilaði miklum árangri," segir hún. „Þú getur talað í heilan dag um mannréttindi, norm og viðmið, en ef þú nærð ekki inn í hjarta og huga fólks með það sem skiptir það raunverulega máli, eins og trúarbrögð, þá skilar það engu."

Fiðrildaviku UN Women lauk formlega á laugardag en hægt er að leggja málefninu lið á heimasíðu samtakanna, www.unwomen.is. **sunna@frettabladid.is**

Aðstoða fórnarlömb stríðsátaka

Sabiha Husic er stjórnandi Medica Zenica, frjálsra félagasamtaka sem aðstoða konur og börn í Bosníu og Hersegovínu sem hafa orðið fórnarlömb stríðsátaka. Husic hefur sérhæft sig í að vinna með fólki sem orðið hefur fyrir áföllum á átakasvæðum. Til samtakanna leita þolendur stríðsnauðgana, pyntinga, kynbundins ofbeldis og heimilisofbeldis sem og fórnarlömb mansals.

Medica Zenica sinnir ýmsum verkefnum á sviði menntunar, rannsókna, réttindagæslu og útgáfu með það markmið að vernda mannréttindi, sinna endurhæfingu fórnarlamba stríðs, kynbundins ofbeldis og mansals og að útvega skjólstæðingum sínum lagalega aðstoð.

Skoðar stöðu kvenna innan trúarbragða

Dr. Zilka Spahic-Siljak er framkvæmdastýra TPO-stofnunarinnar í Sarajevo. Hún hefur unnið mikið með konur, trú og stjórnmál og við að auka meðvitund um kynbundið ofbeldi, stöðu kvenna innan trúarbragða og mannréttindi kvenna. Sérstaklega hefur dr. Spahic-Siljak skoðað umburðarlyndi í samfélögum múslima, rétttrúaðra og kaþólikka í Bosníu og víðar. Markmið TPO-stofnunarinnar er meðal annars að leggja sitt af mörkum til þróunar lýðræðislegs borgaralegs samfélags í Bosníu og Hersegóvínu, aukinnar meðvitundar um kynjajafnrétti og að ýta undir aukna ábyrgð á öllum sviðum samfélagsins.

HYUNDAI
NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2012 POLAND-UKRAINE

„Þú verður að prófa Hyundai!“

Þú uppgötvar gæðin með reynsluakstri

5 ÁRA ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
LÉTTSKOÐUN

ENNEMM / SÍA / NM47911

Hyundai ix35

Nýr Hyundai ix35 er hannaður með það fyrir augum að mæta ört vaxandi kröfum venjulegs fjölskyldufólks sem vill fyrst og fremst tæki til að komast þangað sem ferðinni er heitið á öruggan og hagkvæman hátt. Ekki skemmir að hafa útlitið með sér og ferðast í þægindum með stæl.

Verð frá: **5.590.000 kr.**

Eyðsla í langkeyrslu 6,8 l/100 km

i30

i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll. **Verð frá 2.790.000 kr.**
Eyðsla í langkeyrslu 5,1 l/100 km

NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is
INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

VEISTU SVARIÐ?

1 *Til hversu langs tíma samþykkti Alþingi að framlengja gjaldeyrishöft?*

2 *Hvað heitir ritstjóri Skessuhorns?*

3 *Hvað heitir markvörður íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta?*

SVÖR

1. Til áramóta 2013. 2. Magnús Magnússon. 2. Þóra Björg Helgadóttir.

Auka verður áhuga fólks á tæknigreinum til að efla nýliðun í jarðvarmageiranum:

Jarðvarmaklasinn vekur athygli ytra

IÐNAÐUR Fyrirsjáanlegt er að starfsfólk skorti í ýmsum greinum jarðvarmanýtingar á næstu árum. Horft er fram á að nýtingin fari úr 4.500 gígavattstundum nú í tólf þúsund á næstu fimmtán árum. Af þessum sökum verður að leita leiða til að efla nýliðun í greinum sem tengjast jarðvarmanýtingu og auka áhuga ungs fólks á tæknigreinum allt upp í háskóla.

Þetta er á meðal þess sem fram kom á fundi með forsvarsmönnum íslenska jarðvarmaklasans Iceland Geothermal og fulltrúum fyrirtækja sem vinna í jarðvarmageiranum á föstudag.

Á fundinum var meðal annars rætt um upphaf samstarfsins árið 2009, vinnu með dr. Michael Porter í fyrra og næstu skref. Porter er einn þekktasti sérfræðingur heims á sviði samkeppnishæfni þjóða og klasasamstarfs. Hann kortlagði íslenska jarðhitaklasann með samstarfsmanni sínum, dr. Christian Ketels, og kynnti niðurstöðurnar á ráðstefnu Iceland Geothermal fyrir ári.

Hákon Gunnarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri ráðgjafafyrirtækisins Gekon, sem heldur utan um íslenska jarðvarmaklasann, sagði samstarfið hafa gengið mjög vel fram til þessa. Það hafi vakið athygli ytra og sé stutt í að það verði skólabókardæmi um klasasamstarf í IESE-háskólanum í Barcelona á Spáni. - jab

RÆTT UM JARÐVARMA Fjöldi fólks mætti á fund um samstarf fyrirtækja í jarðvarmageiranum. Þórólfur Árnason fór yfir verkið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

26 háskólastöður greiddar af utanaðkomandi aðilum:

Einkaaðilar hafa kostað 69 ársverk

MENNTAMÁL Einkaaðilar hafa greitt kostnað við stöður 26 fræðimanna við íslenska háskóla frá árinu 2001. Um er að ræða ríflega 69 ársverk hjá háskólunum sem kostuð hafa verið með þessum hætti.

Þetta kemur fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, á Alþingi. Alls hefur 21 staða verið kostuð hjá Háskóla Íslands (HÍ), fjórar hjá Háskólanum í Reykjavík og ein hjá Háskólanum á Akureyri.

Flestar stöður hafa verið kostaðar með þessum hætti frá upphafi aldarinnar í læknadeild HÍ, sex talsins. Fjórar af þeim voru kostaðar af lyfjafyrirtækjum. Fjórar stöður hafa verið kostaðar hjá hugvísindadeild HÍ, fjórar hjá lagadeild og lagastofnun HÍ, og þrjár hjá félagsvísindadeild skólans.

Af þeim geirum samfélagsins sem kostað hafa stöður fræðimanna standa lyfjafyrirtæki upp úr með fjórar stöður. Lögfræðistofur, orkufyrirtæki, bankar og þjóðkirkjan hafa kostað tvær stöður hver samkvæmt svari ráðherra. Karlar hafa gegnt sextán af kostuðum stöðum og konur tíu. - bj

LYF Apótek láta farga fyrndum lyfjum og lyfjum sem einstaklingar hafa skilað inn til þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

uno
cucina italiana
Tilboð
3ja rétta matseðill
3.490 kr.
Forréttir
Bruschetta Mozzarella
Ótrúlega fersk – tómatar, fersk basilíka og Mozzarella.
Carpaccio classico
Nautacarpaccio með karamelluðum furuhnetum, klettasalati, parmesanosti og klettasalatspestó.
Calamari
Djúpsteiktur smokkfiskur með sólþurrkuðu tómataioli.
Hvítlauksbakaðir humarhalar
Humarhalar bakaðir í hvítlauk, ítalskri steinselju og parmesan.
Eftirréttir
Tiramisu a la Nino
Með karamellusósu. Sérstök uppskrift frá fjölskyldu Nino kokks frá Ítalíu.
Amaretto súkkulaði Brownie
Með vanillu gelato.
Möndlukaka
Með dulce de leche – frábær með kaffinu.
Ís kokksins
• Þú velur einn rétt úr hverjum flokki.
• Gildir sunnudaga, mánudaga og þriðjudaga út september.
Aðalréttir
Humar og risarækju Linguini
Linguini pasta með risarækjum, humri, klettasalati og kirsuberjatómötum í kraftmikilli sósu.
Kjúklinga Tagliolini
Tagliolini með hægeldaðri kjúklingabringu, sveppum, spínati, rjómaosti, svörtum pipar og pancetta í rjómasósu.
Insalata con pollo
Romain salat með grillaðri kjúklingabringu, prosciutto mulningi, kirsuberjatómötum, gúrku, melónu, og sinnepsdressingu.
Lamba Osso bucco
Hægeldað lamba Osso bucco með sellerýrótarmauki, rósmarín tómatseyði og hvítlauks kartöflum.
UNO | Hafnarstræti 1-3 | 101 Reykjavík | Sími 561 1313 | uno.is

Tonnum af lyfjum var fargað í fyrra

Efnamóttakan í Reykjavík og Hringrás létu eyða yfir tíu tonnum af lyfjum í fyrra. Stærstur hluti frá sjúkrahúsum og apótekum. Hagkvæmast fyrir sjúklinga að fá lyfjum ávísað til þriggja mánaða.

LYFJAMÁL Efnamóttakan í Reykjavík tók á móti tæplega átta tonnum af lyfjum til förgunar í fyrra, þar af tæpum þremur tonnum frá apótekum, að því er Jón H. Steingrímsson framkvæmdastjóri greinir frá.

Hann segir mismuninn, um fimm tonn, aðallega koma frá sjúkrahúsum og framleiðendum. Lyfin eru send áfram til eyðingar í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja.

Hringrás tók við fimm tonnum af lyfjum og sprautunálum frá apótekum og tannlæknum í fyrra. „Ég gæti trúað að lyfin hafi verið um þrjú tonn en sprautunálarnar um tvö tonn. Það eru aðallega sykursýkissjúklingar sem skila sprautunálunum í apótekin," segir Jóhann Karl Sigurðsson, rekstrarstjóri hjá Hringrás. „Sumu af þessu er brennt og sumt er urðað," greinir hann frá.

Distica hf., sem sér um 70 prósent lyfjadreifingar á Íslandi, tekur við fyrndum lyfjum, sem apótekin ná ekki að selja, til eyðingar. „Ég giska á að nálægt eitt prósent af sölunni komi til baka," segir Sigurður Traustason, faglegur forstöðumaður fyrirtækisins.

Jón Norðfjörð, framkvæmdastjóri Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, vildi í samtali við Fréttablaðið ekki gefa upp hversu mörgum tonnum af lyfjum fyrirtækið tók við til förgunar í fyrra. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu árið 2008 tók það á móti 62 tonnum af lyfjum til eyðingar árið 2007. Mest kom frá lyfjaframleiðendum og lyfjadreifingarfyrirtækjum.

> Það eru aðallega sykursýkissjúklingar sem skila sprautunálunum í apótekin.
>
> **JÓHANN KARL SIGURÐSSON**
> REKSTRARSTJÓRI HJÁ HRINGRÁS

Ingunn Björnsdóttir lyfjafræðingur sem hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna hjá Landlæknisembættinu, segir að með breytingu á greiðsluþátttöku sjúklinga megi búast við að förgun lyfja minnki.

„Það er verið að ræða slíkar breytingar á þingi. Það kann að vera að læknar hætti að ávísa lyfjum til þriggja mánaða. Í núverandi kerfi er hagkvæmast fyrir sjúklingana að fá lyfjum ávísað til þriggja mánaða í einu en í kerfinu sem verið er að ræða þá breytast þær forsendur. Það mun hins vegar alltaf falla til eitthvað af lyfjum sem þarf að farga en þetta er spurning um að lágmarka magnið." ibs@frettabladid.is

Electrolux
ESF-63040 Uppþvottavél
Einföld og **endingargóð** uppþvottavél með öllum nauðsynlegum þvottakerfum
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. 30 mín. hraðkerfi, 70°C pottakerfi, og sparnaðarkerfi
- Seinkun á ræsingu 3 klst. mögul.
- Margbreytanleg innrétting
- **A/A/A einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- Án topplötu
- Verð áður kr **119.900**

AAA EINKUNN

HLJÓÐLÁT 49 dB

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **84.900**
SPARAÐU 35.000

ZANUSSI
ZWQ-5128 Þvottavél
Topphlaðin þvottavél sem lítið fer fyrir og með hjólabúnaði svo að hægt er að færa á auðveldan hátt.
- 1200 sn. stillanlegur vinduhraði
- Ný tromla sem gerir þér kleift að fjarlægja aðskotahluti
- Mörg góð kerfi þ.á.m. **hraðkerfi**, ullarkerfi og handþvottarkerfi
- Seinkun á gangsetningu 3,6,9 klst
- **A+/A/B einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- HxBxD: 85x40x60 cm
- Verð áður kr **119.900**

5,5 KG

1200 SNÚNINGA

A+AB EINKUNN

40 CM BREIÐ

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **99.900**
SPARAÐU 20.000

Electrolux
EWF-147480W Þvottavél
Sérlega **vel búin** þvottavél með kolalausum mótor og gufukerfum sem réttir úr krumpum og eyðir lykt.
- **TimeManager** 30-70% tímasparnaður á algengum kerfum
- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og **handþvottakerfi**
- **Seinkun** á gangsetningu 0-23 klst.
- LCD **Tímaskjár**
- Ofnæmisskolun möguleg
- **A+/A/B einkunn** fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- **Kolalaus mótor** sem endist lengur og er nánast hljóðlaus
- Verð áður kr **149.900**

7 KG

1400 SNÚNINGA

A+AB EINKUNN

KOLALAUS MÓTOR

GUFU-KERFI

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **119.900**
SPARAÐU 30.000

AEG
TN-65470 Barkalaus þurrkari
Barkalaus þurrkari með rakaskynjara og 14 mismunandi þurrkkerfum.
- Rafmagns- og tímasparnaður með rakaskynjara
- Tímaskjár og framstillt ræsing
- Tekur allt að 7 kg.
- Sérkerfi m.a. fyrir viðkvæman fatnað, gallabuxur, ull og silki.
- Stór lúga 43x33 cm
- Krumpuvörn og niðurkæling á taui
- Mjög hljóðlátur
- Fullt verð kr **139.900**

7 KG

BARKA-LAUS

RAKA-SKYNJARI

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **109.900**
SPARAÐU 30.000

14.900
32% AFSLÁTTUR

MALAR ÍS

Electrolux
ESB-4400 Blandari
Byltingarkenndur **ofurhljóðlátur** blandari með kraftmiklum 600W mótor. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt.
Verð áður kr **21.900**

MEST SELDI!

TOPPMÓDEL

9.990
34% AFSLÁTTUR

Electrolux
ESTM-4600 Töfrasproti
Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótor. Stálfótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir. Verð áður kr **14.990**

Hljóðlátasti blandarinn á markaðinum!

1000W GRILL

Electrolux
EMS-21400S Örbylgjuofn
Flottur silfurlitaður örbylgjuofn með mörgum stillingum með eða án grills
- 800W örbylgjuofn
- **1000W grill** sem gefur matnum brúna og fallega áferð
- Stór 27 cm snúningsdiskur
- **Klukka og skjár**
- Verð áður kr **34.900**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **22.900**
SPARAÐU 12.000

VERÐVAKT RAFHA

Electrolux
EKF-7000 Kaffivél
Alvöru kaffivél sem hitar vatnið uppí 96°C. Fékk bestu einkunn í gæðakönnun sænsku neytendasamtakanna TestFakta.
- 1400W hraðhitaelement
- Timer/klukka sem hægt er að stilla fram í tímann.
- AutoOff slekkur sjálfkrafa á sér eftir 2 tíma
- Aroma stilling tryggir betri bragðgæði
- Lagar alltað 10 bolla
- Verð áður kr **17.990**

Fékk hæstu einkunn hjá Testfakta

96°C HEITT

% VERÐVAKTIN
Við fylgjumst grannt með keppinautum okkar og höfum lækkað verðið!

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **12.990**
28% AFSLÁTTUR

EKTA HEITUR BLÁSTUR

Electrolux
EKC-60015W Eldavél hvít
Eldavél með keramik helluborði og **XXL 74 lítra ofni**, u.þ.b. 30% stærri en áður.
- **7 eldunarkerfi** þ.á.m. blástur, undir- og yfirhiti, grill og gratínering
- 4 hellur þ.á.m. **1 stór hella**
- Þrefalt gler í ofnhurð
- 2 bökunarplötur, skúffa og grind fylgir
- Barnalæsing
- Orkuflokkur A
- **Einnig fáanleg í stáli (+15.000 kr)**
- HxBxD: 85/90 x 59,5 x 60 cm
- Verð áður kr 169.900

XXL OFN

BLÁSTUR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **139.900**
SPARAÐU 40.000

TOPPMÓDEL

Electrolux
EOB-67000X Ofn
Hér færðu ofn, hlaðinn þægindum og nýjustu tækni. Snertitakkar, skjár og ljósrönd gera þennan ofn afar glæsilegan.
- Ekta heitur blástur, glóðarsteiking, gratínering og pizzakerfi.
- **Katalyse sjálfhreinsibúnaður**
- **Kjöthitamælir** - fáðu steikina alltaf einsog þú vilt hafa hana . Einnig fyrir brauð og aðra rétti.
- **Klukka** og **skjár** sem sýnir allar aðgerðir.
- **Tvöföld lýsing** í ofni. Fingrafarafrítt stál.
- Verð áður kr **179.900**

NÝTT!

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **134.900**
SPARAÐU 35.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **24.900**
SPARAÐU 10.000

exquisit
KB-45 Kæliskápur
- Rúmmál kælis 40 lítrar nettó og lítið 6 lítra frystihólf
- HxBxD: 51x44x47 cm
- Verð áður kr **34.900**

exquisit
GT-261 Frystikista
- Rúmmál 205 lítrar
- A+ orkuflokkur
- HxBxD: 82x95x56 cm
- Verð áður kr **84.900**

Margar stærðir fáanlegar á hagstæðu verði

205 LÍTRAR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **59.900**
SPARAÐU 25.000

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Borgar sig að halda hvalveiðum áfram?

Áfram pólitísk óþægindi

Hvalveiðar Íslendinga hafa áratugum saman verið þyrnir í augum okkar helztu vina- og samstarfsríkja. Enda fór svo um tíma að þeim var hætt vegna pólitísks þrýstings. Þráðurinn var tekinn upp á nýjan leik 2003 með vísindaveiðum og 2006 hófust aftur hvalveiðar í atvinnuskyni.

Afstaða stjórnvalda í nágrannalöndunum endurspeglar almenningsálitið, sem óhætt er að segja að sé nánast alls staðar mjög andsnúið hvalveiðum. Hvalirnir hafa orðið áberandi tákn fyrir lífverur í útrýmingarhættu. Venjulegt, prýðilega upplýst fólk í okkar heimshluta trúir því annars vegar að allir hvalir um allan heim séu í útrýmingarhættu og hins vegar að það sé ómannúðlegt að veiða hvali, fremur en aðrar sjávarlífverur, af því að þeir séu svo gáfaðir og sérstakir.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Obama Bandaríkjaforseti er augljóslega í hópi þeirra sem haldnir eru þessum ranghugmyndum, því að hann mælti í síðustu viku fyrir um diplómatískar þvingunaraðgerðir gegn Íslandi á þeirri forsendu að Íslendingar hefðu veitt langreyði, sem sé í útrýmingarhættu. Tegundinni er hins vegar eingöngu í hættu stefnt í suðurhöfum. Í Norður-Atlantshafi er langreyðarstofninn alls ekki í útrýmingarhættu og veiðar Íslendinga (sem hafa reyndar engar verið í ár vegna skorts á mörkuðum fyrir kjötið) ógna honum ekki á nokkurn hátt.

Vandi íslenzkra stjórnvalda í þessu máli er hversu útbreiddar ranghugmyndirnar um ástand hvalastofnanna í norðurhöfum eru. Að breyta þeim myndi líklega útheimta mjög dýra kynningarherferð, sem myndi kosta miklu meira en sem nemur ávinningi þjóðarbúsins af hvalveiðum. Svo yrðu nógir, til dæmis öflug umhverfisverndarsamtök, til að mótmæla kröftuglega og setja enn meiri peninga í áróður til að halda hinum röngu upplýsingum að fólki. Gera má ráð fyrir að andúðin á hvalveiðum sé ekki á undanhaldi.

Spurningin er hvað hún kostar íslenzka hagsmuni. Áhyggjur margra á síðasta áratug af því að endurupptaka hvalveiða myndi hafa neikvæð áhrif á sölu á íslenzkum sjávarafurðum erlendis og á ferðaþjónustu hafa að miklu leyti reynzt ástæðulausar. Það gengur ágætlega að selja fiskinn, ferðamönnunum fjölgar og hvalaskoðun blómstrar í sambýli við hvalveiðar.

Eftir að Obama ákvað að beita þvingunum gegn Íslandi hafa tveir ráðherrar í ríkisstjórninni, þau Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, bent á að erfitt sé að færa rök fyrir því að veiðarnar séu sjálfbærar ef ekki er hægt að selja hvalkjötið. Það á við um veiðar á langreyði, þar sem markaðurinn í Japan er brostinn, en ekki um hrefnuveiðar, þar sem næg eftirspurn virðist vera eftir kjötinu.

Pólitísk óþægindi vegna hvalveiðanna verða áfram fyrir hendi. Íslenzk stjórnvöld þurfa að vega og meta hvort kostnaðurinn af þeim sé meiri en sem nemur ávinningi þjóðarbúsins af hvalveiðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Staðreyndir skipta engu

Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, ritar grein um ESB í Fréttablaðið á laugardag. Guðni fellur þar í sama pytt og margir aðrir þegar kemur að Evrópumálum; staðreyndir hætta að skipta máli. Þannig segir hann: „Stærstur hluti mannafla stjórnarráðsins er undirlagður í vinnu við aðlögunina og kostnaðurinn hleypur á milljörðum króna." Guðni færir engin rök fyrir þessari fullyrðingu, hann trúir því einfaldlega að svo sé, eða veit betur, en beygir sannleikann að málstað sínum.

Rétt skal vera rétt

Nú ber svo við að kostnaður við aðildarviðræðurnar er ekki leyndarmál. Í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar um aðildarumsóknina er kveðið á um hver kostnaðurinn verður. Á árunum 2010 til 2012 nemur hann 800 milljónum króna. Viðræðurnar eru innan þessara heimilda. Og að láta sér detta í hug að stærstur hluti starfsmanna stjórnarráðsins sé upptekinn í viðræðunum er í besta falli barnalegt. Það góða fólk hefur nóg annað að gera í vinnunni.

Ruglið í þjóðinni

Einar K. Guðfinnsson skrifar ádrepu á vef sinn þar sem Evrópusinnar fá að finna til tevatnsins. Hvetur hann þá til þess að hætta þessu rugli, allir sjái hvílíkt feigðarflan það sé að fara í aðildarviðræður „án þess að hafa fengið til þess skýrt umboð þjóðarinnar". Því sé rétt að draga umsóknina til baka. Nú vill svo til að nýbúið er að mæla hver stuðningur er við þetta sjónarmið Einars. Um þriðjungur styður það, 65,4 prósent vilja ljúka viðræðum. Einar telur tvo þriðju þjóðarinnar rugla.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Nýr Landspítali

Heilbrigðismál

Elsa B. Friðfinnsdóttir
formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Fyrrverandi heilbrigðisráðherra varpaði fram þeirri spurningu á dögunum hvort réttlætanlegt væri að byggja nýjan Landspítala utan um úrelt tæki og þegar ekki væri hægt að greiða heilbrigðisstarfsfólki laun. Hann sagði jafnframt réttilega að steinsteypa ein og sér gæti aldrei orðið hátæknisjúkrahús.

Hvað skapar gott sjúkrahús eða góða heilbrigðisstofnun? Hvað þarf að vera fyrir hendi til að þjónusta við sjúklinga sé örugg og af þeim gæðum sem við ætlumst til? Að mínu mati er það þrennt: Mannafli, tækjabúnaður og húsnæði. Ekkert eitt af þessu skapar góðan spítala, þetta þrennt þarf að fara saman. Um ágæti mannaflans á Landspítala efast líklega fáir. Þó eru blikur á lofti eftir stöðugan niðurskurð undanfarinna ára og fækkun starfsmanna um 600 á þremur árum. Óhjákvæmilega kemur það niður á gæðum þjónustunnar. Þegar við bætist að spítalinn er hvergi nærri samkeppnisfær í launum við sjúkrahús erlendis sem sækjast eftir þekkingu og færni íslenskra hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstarfsmanna, þegar álag er hér mun meira en þar og þegar starfsaðstaðan er ekki sambærileg, þá er hætt við að fólk „kjósi með fótunum".

Úr sér gengin tæki og óhentugt húsnæði geta ekki verið grunnur að góðri sjúkrahúsþjónustu. Það er ekki boðlegt að við sjúkdómsgreiningar þurfi jafnvel að notast við tæki sem komin eru þrisvar sinnum fram yfir ætlaðan endingartíma. Það er heldur ekki boðlegt að grundvallarþættir í sjúkrahúsrekstri, eins og sýkingavarnir, séu ótryggar vegna húsnæðis sem hvergi nærri uppfyllir nútímakröfur sem gerðar eru til sjúkrahúsbygginga.

Við þurfum nýjan Landspítala og við þurfum ný tæki ef við ætlum áfram að ná þeim árangri í heilbrigðisþjónustunni sem við þekkjum og teljum sjálfsagðan. Góð heilbrigðisþjónusta skapar mikil verðmæti, kemur í veg fyrir ótímabær dauðsföll og kemur fólki til starfa að nýju eftir sjúkdóma og slys. Til að skapa þessi verðmæti þarf heilbrigðisstarfsfólk sem vill starfa hér á landi vegna launa og álags, það þarf tæki sem standast nútímakröfur og síðast en ekki síst þarf húsnæði sem býður upp á að skipuleggja og veita „bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu" eins og tilgreint er í lögum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson seth@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Og munnræpan mun ríkja ein

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn hafa með sameiginlegu átaki náð að þróa nýtt lýðræðislegt gereyðingarvopn: málþóf. Slíkt hefur að vísu lengi verið tíðkað, líka af þeim sem nú fara með stjórnartaumana – og engum til sóma sem það hefur iðkað til að hindra framgang lýðræðisins með slíkri misnotkun á göfugasta ræðustól landsins – en nú á þessu septemberþingi keyrði málþófið um þverbak; röflið ríkti eitt, ofar hverri kröfu.

Við fáum þá mynd af störfum þingsins að þar sé aldrei neitt sagt af viti, enginn hugsi þar heila hugsun, fólk bulli þar flissandi út í eitt. Þingmenn virðast fara eftir reglunni: að mæla óþarft eða þegja.

Að ræða til að ráða

Hér verðum við reyndar að undanskilja þingmenn Hreyfingarinnar sem hafa veitt ríkisstjórninni sterkt og málefnalegt aðhald og taka starf sitt augljóslega alvarlega. Hinir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa hins vegar tekið gamla málþófið og gert það að valdatæki. Það kunna þeir – að smíða sér valdatæki. Einkum hafa þeir verið fundvísir á vannýtta möguleika sem felast í fyrirspurnum og andsvörum og einhvers konar gerviumræðum. Þetta eru gömlu valdaflokkarnir sem sáu aldrei tilganginn í að ræða nokkurn hlut – vildu bara drífa í hlutunum. Nú nota þeir umræður – ekki til að ræða, heldur til að ráða.

Nú spyr háttvirtur ellefti þingmaður Austurlands háttvirtan áttunda þingmann Suðurlands hvort honum finnist ekki – eins og sér – að ríkisstjórnin sé á fullkomnum villigötum í þessum tiltekna málaflokki. Háttvirtur áttundi þingmaður Suðurlands tekur nú til máls og byrjar á því að þakka háttvirtum ellefta þingmanni Austurlands fyrir að vekja máls á svo mikilsverðri spurningu og endurtekur svo það sem hinn sagði og klykkir út með því að spyrja háttvirtan fimmta þingmann Vesturlands hvort hann sé ekki sammála. Og þannig koll af kolli þar til allir eru að verða vitstola af leiðindum.

Hefur svo hver nokkuð að iðja.

Tvíeggjað sverð

Þeim finnst þetta ógurlega skemmtilegt. Við höfum séð þingmenn hálfskríkjandi í ræðustól að halda þingstörfum í gíslingu í keppni um að halda orðinu sem lengst við að segja ekki neitt. Með þessu fá þeir það vissulega fram að ekki sé hægt að koma fram málum á Alþingi nema í sátt við þá – valdatæki. Þeir hafa líka talið okkur trú um að með þessu hafi þeir staðið vörð um sjálft Alþingi gegn ásælni forsætisráðherrans. Jamm. En eins og títt er um gereyðingarvopn þá er þetta tvíeggjað.

Þegar þingmaður fer upp í ræðustól Alþingis undir því yfirskini að hann sé að ræða stjórnarskrárfrumvarpið en tekur svo að setja á langar tölur um sauðnaut – eins og þeir gerðu Ásmundur Einar Daðason og Árni Johnsen – þá hættir viðkomandi þingmaður á það að einhver utan þingsins heyri þetta og hugsi með með sér að hver sé sínum áhugamálum líkastur. Og að í hvert sinn sem

> Þegar þingmaður stígur í ræðustól Alþingis til þess að tjá sig um einhver málefni verður hann að muna að hann er fulltrúi þjóðarinnar. Hann er ekki fulltrúi Bændasamtakanna eða LÍÚ eða ASÍ eða Samtaka iðnaðarins - ekki einu sinni fulltrúi Kristjáns Loftssonar.

kjósendur sjái þá félagsbræður, Ásmund Einar og Árna, detti þeim sauðnaut í hug.

Hitt er verra: í hvert sinn sem þingmaður er svona fruntalegur í málþófi sínu er hann að sýna Alþingi Íslendinga vanvirðingu. Hann er að sýna ræðustólnum vanvirðingu; sögunni; samkomunni; vinnufélögum sínum; kjósendum sínum; kjósendum annarra flokka; sjálfu lýðræðinu í landinu.

Það hvarflar að manni að viðkomandi láti svona vegna þess að hann ber ekki sjálfur virðingu fyrir starfi sínu sem þingmaður. Svona framkoma vitnar um slæma sjálfsmynd og minnir á ólátabelgi í erfiðum bekkjum sem hafa fengið að vita um að þeir séu óalandi og óferjandi og taka að hegða sér samkvæmt því. En þetta er misskilningur. Það er virðingarstaða að vera alþingismaður – það er ábyrgðarstaða.

Við höfum kosið alþingismenn til þess að setja sig inn í mál svo vel sem þeim eru unnt fyrir okkar hönd og kjósa svo um þau eftir sannfæringu sinni, hugsjónum, lífsafstöðu, flokki. Við kjósum þá sem við treystum til þess vandaverks. Við kjósum ólíka flokka eftir ólíkri lífssýn okkar og hugmyndafræði. Sum okkar aðhyllast framtak einstaklingsins og telja að hver sé sinnar gæfu smiður og eigi að njóta verka sinna skattlítið, óréttlætið muni alltaf fylgja mannlífinu og viss misskipting sé kannski bara réttlát. Þau kjósa hægri flokkana. Sauðinn og nautið. Önnur aðhyllast jöfnuð og réttláta skiptingu gæða og tækifæra í lífinu. Þau kjósa vinstri flokkana. Þeir flokkar sem ná meirihluta á þingi fara svo með landstjórnina; þar gegnir stjórnarandstaða mikilsverðu hlutverki við að ræða mál og finna rétta niðurstöðu.

Þegar þingmaður stígur í ræðustól Alþingis til þess að tjá sig um einhver málefni verður hann að muna að hann er fulltrúi þjóðarinnar. Hann er ekki fulltrúi Bændasamtakanna eða LÍÚ eða ASÍ eða Samtaka iðnaðarins – ekki einu sinni fulltrúi Kristjáns Loftssonar. Hann er fulltrúi kjósenda. Hann talar þar í okkar umboði, fyrir okkar munn, og af virðingu við okkur, þjóð sína, ber honum að vanda sig við það eins og hann getur.

AF NETINU

Við erum terroristar

Svo sannarlega eru Íslendingar hryðjuverkamenn. Ollu umheiminum tjóni upp á þúsundir milljarða í hruninu. Engu máli skiptir, þótt skrifaðar verði margar skýrslur um, að Bretar skuldi okkur fimm milljarða vegna hryðjuverkalaga. Í raun skuldum við samt umheiminum þúsundir milljarða vegna hryðjuverka okkar manna Hryðjuverkin voru framin í andrúmslofti löglausra fjármála, sem Davíð og Geir höfðu efnt til. Sjóræningjarnir voru eigendur banka og bankastjórar, sem allir voru gallharðir kjósendur Sjálfstæðisflokksins. Okkur sæmir illa að ýfa upp þennan skandal og allra sízt sækjum við gull í greipar Breta.

Jónas Kristjánsson
www.jonas.is

Haustið er komið

Það var sextán stiga hiti á Sauðárkróki í dag og svona hefur það verið undanfarna daga. Þetta er ekkert sjálfsagt mál, því að meðalhiti í Reykjavík um miðjan september er aðeins 7,5 stig. Við erum orðin góðu vön undanfarin ár varðandi haustmánuði, sem eru hlýrri en í meðalári. Hitt breytist ekki að nú fara „haustlægðirnar" að sækja í sig veðrið og í dag fór vindurinn á Hellisheiði hátt í 30 metra á sekúndu í hviðunum, en ofsaveður telst vera, þegar vindur er kominn upp í þá tölu.

Ómar Ragnarsson
omarragnarsson.blog.is

Komdu í Brimborg, Reykjavík eða Brimborg Akureyri. Spyrðu um nýjan Citroën Berlingo sendiferðabíl. Hann er nú enn rúmbetri og hagkvæmari í rekstri og öruggari en áður.

Opið í dag,
Bíldshöfða 8 Reykjavík og
Tryggvabraut 5 Akureyri,
milli kl. 9 og 17

CITROËN

Veldu aukið hleðslurými og burðargetu. Veldu sparneytni og gott verð. Veldu öryggi, þægindi og notagildi.

Veldu leið, sjáðu rými

Finndu leiðina með nýjum Citroën Berlingo. Þú finnur rýmið. Veldu farþegadyrnar. Þar er rými fyrir 2 farþega auk bílstjóra. Það er gott fyrir fjölmenna. Veldu afturdyrnar. Þær opnast í 180 gráður. Það er gott fyrir fyrirferðarmikla. Veldu topplúguna. Með fellanlegum framsætum er hún góð fyrir langa. Veldu bílstjóradyrnar. Þar finnur þú rými fyrir höfuð og fætur. Það er gott fyrir þig þegar þú ekur Citroën Berlingo.

sjáðu
Citroën Berlingo Van 1,6 Hdi
Hleðslurými 3,3m³
Burðargeta 850kg
Eldsneytisnýting 5,6L/100km*
Verð frá aðeins kr. 2.462.000 án/vsk**
* Blandaður akstur
** kr. 3.090.000 m/vsk

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | citroen.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Eftirsótt erlend fjárfesting

Erlendar fjárfestingar

Aðalsteinn Leifsson
lektor í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík

Ríki um allan heim keppast við að laða til sín erlenda fjárfestingu með markvissum hætti, þar sem ríkur skilningur er á því að slík fjárfesting bætir lífskjör. Þörfin fyrir samstarf við erlenda aðila er sérstaklega mikil í smáum hagkerfum, eins og á Íslandi þar sem atvinnulíf er fremur einhæft og vægi utanríkisviðskipta mikið. Ástæðan er sú að erlend fjárfesting skapar ekki einungis störf heldur getur hún einnig aukið fjölbreytni í atvinnulífi og utanríkisverslun, bætt markaðsaðgang, ýtt undir samkeppni og fært nýja þekkingu inn í atvinnulífið. Erlend fjárfesting hefur líklega aldrei verið mikilvægari fyrir Ísland en einmitt nú eftir efnahagshrun þegar fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki og þörf er á að auka fjölbreytni í atvinnulífi og draga úr ófyrirsjáanlegum sveiflum í verðmæti útflutnings.

Nýsköpunargildi fjárfestingar

Erlendri fjárfestingu er skipt í tvo flokka. Annars vegar er fjárfesting, yfirtaka eða samruni þar sem erlendur fjárfestir kemur inn í eigendahóp íslensks fyrirtækis án þess að breytingar verði á rekstri þess. Hins vegar er stofnun eða uppbygging nýs fyrirtækis frá grunni, stækkun á starfandi fyrirtæki eða samruni við erlent fyrirtæki þar sem til verður aukin framleiðsla, ný þekking, ný aðstaða, ný störf og ný verðmæti til lengri tíma. Fyrri tegundin er jákvæð þar sem hún felur í sér færslu fjármuna til landsins. Seinni tegundin er þó mun eftirsóknarverðari þar sem hún felur í sér nýsköpun, ný atvinnutækifæri og verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Önnur aðgreining á erlendri fjárfestingu er á milli takmarkaðra fjárfestinga t.a.m. í hlutabréfum annars vegar og hins vegar svokallaðrar beinnar erlendrar fjárfestingar þegar erlendur aðili á a.m.k. 10% í innlendu félagi og hefur því verulega hagsmuni af rekstri fyrirtækisins.

Forgangsröðun

Ríki sækjast eftir erlendri fjárfestingu á mismunandi sviðum, eftir styrkleikum og forgangsröðun. Ísland getur ekki – og vill ekki – keppa við önnur ríki í verði á vinnuafli eða með afslætti af umhverfisvernd. Í atvinnu-, orku- og menntamálum hefur verið ágætur samhljómur um að leggja sérstaka áherslu á hreina orku, óspillta náttúru og störf sem krefjast sérþekkingar. Þessar áherslur falla að þeirri ímynd sem Ísland hefur leitast við að byggja upp sem ferðamannaland, matvælaframleiðandi og þekkingarsamfélag. Þess vegna kann að vera eðlilegt að Ísland sækist eftir beinni erlendri fjárfestingu sem fellur að þessari stefnumótun og e.t.v. sérstaklega á svæðum þar sem atvinnulífið er mjög einhæft og skortur á atvinnutækifærum, eins og víða á landsbyggðinni. Dæmi um umhverfisvænar fjárfestingar sem hafa mikið nýsköpunargildi og jákvæð samfélagsleg áhrif má m.a. finna í ferðamennsku, rekstri gagnavera, vatnsútflutningi, fiskeldi og ýmiss konar orkuháðum iðnaði.

> Ef Huang Nubo verður neitað um heimild til að fjárfesta á Íslandi er nauðsynlegt að rökstyðja þá ákvörðun með hlutlægum og málefnalegum rökum.

Ísland áhættusamt

Bein erlend fjárfesting er lítil á Íslandi í samanburði við önnur lönd og nær eingöngu bundin við áliðnað. Ein af ástæðunum er sú skynjun að það sé áhættusamt að fjárfesta á Íslandi. Þetta kemur t.a.m. fram í nýlegri mælingu Efnahags- og samvinnustofnunarinnar (OECD) á hömlum á beinni erlendri fjárfestingu (FDI Restrictiveness Index). Hvergi í OECD eru viðlíkar hindranir í vegi beinnar erlendrar fjárfestingar eins og á Íslandi að mati stofnunarinnar og raunar setur hún Ísland skör lægra en t.d. Tyrkland, Sádi-Arabíu og Rússland. Ástæður þessa mats eru ekki einungis sögulegur óstöðugleiki gengis og núverandi gjaldeyrishöft heldur einnig ýmiss konar tæknilegar og lagalegar hindranir og sú skynjun að ekki liggi fyrir skýr viðmið og reglur fyrir ákvarðanatöku stjórnvalda í málum sem tengjast erlendri fjárfestingu. Nýlegt áhættumat tryggingarfyrirtækisins Aon styður þetta en Ísland er í neðsta sæti vestrænna ríkja í mati fyrirtækisins. Flest ríki takmarka einnig erlenda fjárfestingu með sérlögum eins við Íslendingar gerum í sjávarútvegi og orkugeiranum. Strangar reglur um umhverfisvernd eða skatta þurfa ekki heldur að fæla frá. Erlendir fjárfestar óttast öðru fremur geðþóttaákvarðanir stjórnvalda og ófyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi.

Áform Huang Nubo

Af þeim upplýsingum sem fram koma í fjölmiðlum má ætla að áform Huangs Nubo feli í sér stofnun nýs fyrirtækis sem skapar ný störf og gjaldeyristekjur. Virði fjárfestingarinnar felst ekki aðeins í landakaupum og áformuðum byggingarframkvæmdum heldur einnig í þekkingu og aðstöðu á nýjum markaðssvæðum fyrir ferðamenn og fellur því í flokk nýsköpunarfjárfestingar. Fjárfestingin er í atvinnugrein sem fellur vel að ímynd Íslands og sem stjórnvöld hafa lagt sérstaka áherslu á að byggja upp. Ennfremur er hún á svæði þar sem atvinnutækifæri eru takmörkuð. Af fréttum má auk þess ráða að Nubo hyggist fjárfesta til lengri tíma og standa að fullu að fjárfestingunni, sem þýðir að um er að ræða beina erlenda fjárfestingu. Nubo mun ekki geta fært fjárfestingu í landi og byggingum frá Íslandi og áhættan af verkefninu liggur að stórum hluta hjá honum. Áhætta Íslands virðist takmarkast við þær framkvæmdir sem kann að þurfa til að þjónusta fyrirtækið. Ef Huang Nubo verður neitað um heimild til að fjárfesta á Íslandi er nauðsynlegt að rökstyðja þá ákvörðun með hlutlægum og málefnalegum rökum. Að öðrum kosti mun orðspor Íslands tengt beinni erlendri fjárfestingu bera enn frekari hnekki.

Landlæknisembættið er ógn við heilsu Íslendinga

Heilbrigðismál

Árni Richard Árnason
verkfræðingur og fyrrverandi keppnishlaupari

Haustið 2007 gekkst ég undir krossbandsaðgerð í Orkuhúsinu með skelfilegri afleiðingum en mig hafði nokkurn tímann órað fyrir. Frá vorinu 2009 hef ég gengist undir níu aðgerðir til að bæta upp fyrir tjón sem ég hef hlotið. Þessar níu aðgerðir voru gerðar í Danmörku og Finnlandi af læknum sem eru virtir prófessorar í bæklunarlæknisfræði. Af sjúkraskrám og samtölum mínum við mína lækna vöknuðu grunsemdir um að ég hafi verið fórnarlamb margvíslegra mistaka í Orkuhúsinu. Þar á meðal var krossbandið rangt staðsett og sjúkraþjálfun var ekki í samræmi við viðurkenndar aðferðir. Það hafi haft í för með sér að nýja endurgerða krossbandið slitnaði og tveir vöðvar í lærinu eyðilögðust.

Í upphafi árs 2009 sendi ég kvörtunarbréf til landlæknis. Ég fékk ekki svar við því bréfi. Sumarið eftir sendi ég annað bréf, sem var loks svarað. Samkvæmt lögum um landlækni þá á embættið að afla umsagnar frá óháðum sérfræðingi. Landlæknir fékk þá Magnús Pál Albertsson, handarskurðlækni í Orkuhúsinu og meðeiganda Orkuhússins, til að gefa álit sitt. Hvernig handarskurðlæknir og meðeigandi Orkuhússins á að geta talist hvort tveggja í senn óháður og sérfræðingur í krossbandsaðgerðum skil ég ekki. Yfir því og öðru hef ég kvartað til velferðarráðuneytisins í bréfum sem voru póstlögð í janúar og apríl þessa árs. Ég hef enn ekki fengið svör frá ráðuneytinu við umkvörtunarefnum mínum þó að nú sé liðið að hausti.

Í apríl síðastliðnum barst mér álit landlæknis þar sem kemur fram að „ekkert í málsgögnum bendir til að vanræksla eða mistök hafi átt sér stað“, þrátt fyrir að í málsgögnum sé að finna sjúkraskrá frá Uffe Jørgensen, prófessor í bæklunarlækningum í Kaupmannahöfn, þar sem kemur fram fullyrðing hans um að krossbandið hafi verið rangt staðsett. Embættið hefur gert allt til að reyna að koma í veg fyrir að ég geti svarað álitinu. Álitinu fylgdu ekki umsagnir álitsgjafa og í því var því ekki að finna neinar upplýsingar um málsatvik, umkvörtunarefni eða rökstuðning eins og gert er ráð fyrir í lögum. Hvernig ég átti að geta svarað því skil ég ekki. Í öðru lagi voru mér gefnar 16 vikur til að svara álitinu, en sá tími reyndist mun styttri þar sem álitið var póstlagt nokkrum vikum eftir dagsetningu þess. Eftir enn eina umkvörtun mína bárust mér loks gögnin frá landlækni, ásamt bréfi þar sem kom fram að svör yrðu að berast innan fjögurra vikna (í stað 16 vikna áður). Starfsmenn landlæknis svöruðu ekki beiðnum mínum um aukinn svarfrest í tölvupósti þó ég hafi lýst því að ég væri nýkominn úr aðgerð og hefði því ekki tök á að senda svör mín í tíma.

Umsagnir álitsgjafa eru skrautleg lesning þar sem skín í gegn ásetningur þeirra til að hylma yfir mistök. Fjölmargar rangfærslur koma fram ásamt fjarstæðukenndum fullyrðingum. Til dæmis er því haldið fram að skaði á vöðvum hafi ekki verið afleiðing af krossbandsaðgerðinni jafnvel þó að skorið hafi verið í nákvæmlega sömu vöðva í umræddri aðgerð. Einnig erýjað að því að annar vöðvi hafi slitnað en kemur fram í sjúkraskrám og að prófessor í bæklunarlækningum hafi ruglast á vöðvum sem hann gerði aðgerð á. Það er ekki minnst á mörg umkvörtunarefni mín, og þess í stað er oft fjallað um eitthvað sem hafði ekkert að gera með mínar umkvartanir. Síðast en ekki síst þá heldur álitsgjafi því fram að krossbandið hafi verið rétt staðsett. Hins vegar hef ég sjálfur getað sannað, eftir að hafa lesið tugi læknagreina, að staðsetning krossbandsins var röng. Á því hef ég einnig fengið staðfestingu frá tveimur öðrum bæklunarlæknum sem sérhæfa sig í krossbandsaðgerðum.

Framkoma landlæknis gagnvart mér hefur fyllt mig viðbjóði á íslenskri stjórnsýslu. Ég get ekki lýst því með orðum hversu mikið embættið hefur bætt á vanlíðan mína í baráttu minni við að fá góðan og heilbrigðan fótlegg aftur. Það er klárt mannréttindabrot að mál mitt fái ekki faglega umfjöllun óháðra sérfræðinga. Landlæknisembættið ætti að halda hlífiskildi yfir sjúklingum og verja þá fyrir hættunni á mistökum af hendi meðferðaraðila. Þess í stað heldur embættið hlífiskildi yfir mistökum og níðist á sjúklingum. Mistökin sem ég varð fyrir flokkast ekki undir óhapp heldur þekkingarleysi og þeir læknar sem stóðu að aðgerðinni gætu verið að gera sömu mistök á tugum sjúklinga á ári hverju. Ég velti því fyrir mér hversu margir Íslendingar hafi orðið fyrir læknamistökum sem rekja má til ófaglegs eftirlits Landlæknisembættisins? Af minni reynslu að dæma þá borgar sig ekki fyrir sjúklinga að kvarta yfir mistökum í heilbrigðisþjónustu til landlæknis enda munu líkur á skaðabótum stórminnka við óhlutlausa og rangláta afgreiðslu embættisins.

„Enga verðtryggingu, takk.“

Tinna Björk Baldvinsdóttir, 38 ára.

Nú getur þú tekið óverðtryggt íbúðalán til **25 eða 40 ára** með **föstum 6,45% vöxtum til fimm ára**.

Kynntu þér málið á **arionbanki.is.**

Hvað **skiptir** þig máli?

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 56341 09/11

tímamót

timamot@frettabladid.is

63 JEREMY IRONS leikari er 63 ára.

„Við eigum öll tímavélar. Sumar þeirra færa okkur aftur í tímann, þær kallast minningar. Aðrar færa okkur fram á við, þær kallast draumar.“

†

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur fjölskyldunni samúð, hlýhug og vináttu vegna veikinda, andláts og útfarar okkar hjarkæra

Kjartans Guðjónssonar
Heiðmörk 1, Stöðvarfirði.

Jóna Hallgrímsdóttir
Guðjón Kjartansson — **Agnes Guðmundsdóttir**
Oddný Vala Kjartansdóttir — **Þorvaldur Hreinsson**
Halla Kjartansdóttir — **Björn Svanur Víðisson**
Kristján Erling Kjartansson — **Pálína Auður Lárusdóttir**
og barnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar dóttur minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Margrétar Loftsdóttur
Hjaltabakka 14, Reykjavík.

Ólöf Hjálmarsdóttir
Ólöf Leifsdóttir — **Atli Bragason**
Loftur Ólafur Leifsson — **Júlíana Hauksdóttir**
Ingibjörg Leifsdóttir — **Halldór Jón Theodórsson**
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Kristín Helgadóttir
frá Siglufirði,

sem lést á Líknardeild Landspítalans Kópavogi 5. september síðastliðinn, verður jarðsungin frá Áskirkju þriðjudaginn 20. september kl. 15.

Helgi Kr. Eiríksson — **Katrín Gunnarsdóttir**
Martha Eiríksdóttir — **Andrés Magnússon**
Diðrik Eiríksson — **Viktoría Valdimarsdóttir**
Inga Rós Eiríksdóttir — **Halldór Sverrisson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Bróðir okkar,

Birgir Helgason
trésmiður, Skúlagötu 20, Reykjavík,

sem lést 6. september, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 20. september kl. 13.

Fyrir hönd aðstandenda,
Valdimar Helgason
Margunnur Kristjánsdóttir
Kristín Helgadóttir
Árni Njálsson

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

STUÐNINGSFULLTRÚAR MIÐLA REYNSLU SINNI: KRAFTUR GEFUR ÚT DVD-DISK

ALVÖRU FÓLK SEM Á AÐ BAKI RAUNVERULEGA REYNSLU

„Ég fór á stuðningsfulltrúanámskeið hjá Krafti og er þar með orðinn hluti af stuðningsnetinu,“ segir Þorvaldur Daníelsson, einn þeirra sem segja sögu sína og gefa góð ráð á nýútkomnum DVD-diski sem Kraftur gefur út til stuðnings krabbameinsgreindum og aðstandendum þeirra. „Við sem vorum á námskeiðinu hjá henni Gyðu Eyjólfsdóttur, sálfræðingi Krafts, og nokkur í viðbót tókum síðan þátt í þessu verkefni.“

Þorvaldur missti eiginkonu sína úr krabbameini fyrir tveimur og hálfu ári og hefur verið ötull að deila þeirri reynslu með þeim sem leita sér aðstoðar hjá Krafti. „Það er ekkert síður mikilvægt að aðstandendurnir fái aðstoð og hafi aðgang að einhverjum sem skilur hvað þeir eru að ganga í gegnum,“ segir hann. „Oft er það nú þannig að fólk áttar sig ekki á mikilvægi þess að fá aðstoð frá öðrum sem hafa verið í svipuðum aðstæðum og tilgangurinn með DVD-útgáfunni er meðal annars að benda fólki á það hvaða leiðir eru færar. Auðvitað virðum við þau landamæri sem fólk hefur og sá greindi eða aðstandandinn sem leitar eftir stuðningi ræður alfarið ferðinni. DVD-diskarnir eru einmitt hugsaðir til þess að fólk átti sig á að bak við stuðningsnetið er alvöru fólk sem á að baki raunverulega reynslu.“

Á diskinum eru fimmtán myndbandsklippur með stuðningsfulltrúunum þar sem hver og einn svarar af einlægni ýmsum spurningum um krabbamein og hvaða áhrif það hafði á líf hans. „Þegar einhver lendir í því að greinast í fyrsta skipti er það algjör hryllingur fyrir viðkomandi og aðstandendur,“ segir Þorvaldur. „En við erum hér til að minna fólk á að það eru yfirgnæfandi líkur á því að einhver annar hafi verið í svipuðum aðstæðum og geti miðlað þeim af þeirri reynslu sinni. Stimpillinn sem krabbamein hefur á sér hefur verið ansi einsleitur; þú ert með krabbamein, þú ert að deyja, en það er alls ekki alltaf raunin, þótt það gerist auðvitað líka. Þegar fólk greinist með krabbamein missir það raunveruleikaskynið að vissu leyti og það er ótrúlegur styrkur að hafa einhvern með sér sem getur bent á hvaða leiðir er hægt að fara, hvaða rétt fólk hefur og hvert það getur leitað, svo dæmi séu tekin.

Við erum til taks allan sólarhringinn og þetta net er orðið svo stórt að ef fólk hefur einhverjar sérstakar óskir um aldur, kyn, fjölskyldustöðu og reynslu þess sem það vill tala við er nánast alltaf hægt að bregðast við því.“ **fridrikab@frettabladid.is**

STUÐNINGURINN MIKILVÆGUR „Það er ótrúlegur styrkur að hafa einhvern með sér sem getur bent á hvaða leiðir er hægt að fara,“ segir Þorvaldur Daníelsson, stuðningsfulltrúi hjá Krafti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Sveinbjörg Eiríksdóttir
Frostafold 14, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 21. september klukkan 13.
Fyrir hönd aðstandenda,

Sigríður Ósk Lárusdóttir — **Þorsteinn Alexandersson**
Logi Guðjónsson
Valgerður Ragnarsdóttir
og barnabörn.

Merkisatburðir 19. september

1356 Hundrað ára stríðið: Englendingar vinna sigur á Frökkum í orrustunni við Poitiers og taka Jóhann góða Frakkakonung höndum.

1667 „Gullskipið“ Het Wapen van Amsterdam strandar á Skeiðarársandi með mikinn farm af gulli og dýrum steinum að talið er. Öll áhöfnin ferst, um 140 manns.

1802 Andvana síamstvíburar, samvaxin stúlkubörn, fæðast í Rangárvallasýslu.

1874 Blaðið Ísafold hefur göngu sína. Árið 1929 sameinast það Verði og verður vikuútgáfa Morgunblaðsins til 1968.

1939 Þýski kafbáturinn U30, sem sökkt hafði breska farþegaskipinu Athenia á fyrsta degi seinni heimsstyrjaldarinnar, kemur til Reykjavíkur með þrjá slasða menn. Þeir höfðu slasast þegar kafbáturinn gerði árás á breskt flutningaskip vestur af Bretlandi.

1985 Jarðskjálfti sem mælist 8,1 á Richter skekur Mexíkóborg með þeim afleiðingum að fimm þúsund manns bíða bana.

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, stjúpmóðir, amma og langamma,

Guðný Ástrún Valdimarsdóttir
handavinnukennari,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 20. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS – Félag aðstandenda alzheimersjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma, Hátúni 10b, 105 Reykjavík.

Magnús Þór Aðalsteinsson — **Steinunn Brynjarsdóttir**
Guðný Aðalsteinsdóttir
Bryndís Björnsdóttir — **Magni S. Sigmarsson**
Ásdís Björnsdóttir — **Guðni Már Harðarson**
Brynjar Steinn Magnússon
og langömmubörn.

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Sigurjónsson
Teigagerði 12,

sem lést 10. september, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 20. september kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Íþróttasamband fatlaðra (sími 514-4080).

Guðbjörg Hjálmsdóttir
Reynir Sigurðsson — **Þórrún Þorsteinsdóttir**
Sigurður Sigurðsson — **Ingibjörg J. Eiríksdóttir**
Ragnar Sigurðsson — **Sigríður Jenný Guðmundsdóttir**
Steinunn Sigurðardóttir — **Bjarni Vésteinsson**
Sigríður Rut Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Rússneski hönnuðurinn Pavel Eekra á heiðurinn að þessu hlýlega könglaljósi. Það samanstendur af 56 tréplötum og jafnmörgum skrúfum. Sökum þess að tréplöturnar eru kúptar þarf enga grind. Sjá eekra.com

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

OTTO CHEMIE
Þéttiefni - Límefni

GEZE

Stormjárn
Rennihurðajárn.
Hurðarpumpur.
Rafdrifnir opnarar.
Hert gler eftir máli.

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin.
104 Reykjavík S: 58 58 900. - www.jarngler.is

ideal STANDARD

Hitastýrð sturtu blöndunartæki með höfuð- og handúðara með nuddi.

Tilboð
69.400

ÍSLEIFUR JÓNSSON | Draghálsi 14 - 16 110 Reykjavík | Sími 4 12 12 00 Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

Farandvinnustofa KRADS og LEGO vekur athygli utan landsteinanna:

Skýjaklúfar framtíðar gerðir úr LEGO-kubbum

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Farandvinnustofa sem íslensk/danska arkitektastofan KRADS stóð fyrir á síðasta HönnunarMars hefur vakið athygli utan landsteinanna. Þar var lagt upp með þá hugmynd að nemendur í arkitektúr ynnu með LEGO-kubba til að miðla hugmyndum sínum. Hollenski tækniháskólinn TU Delft fékk í kjölfarið vilyrði fyrir því að vinna áfram með hugmyndina í samstarfi við KRADS og LEGO sem leggur milljón kubba í verkefnið.

„Nemendur við arkitektúrdeild

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum
Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði
Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Til að ná vaxblettum úr efni er gott að taka dagblað, leggja yfir blettinn og strauja svo yfir. Þá bráðnar vaxið og sogast upp í dagblaðið.

Heimsókna-vinir gefa lífinu lit

Heimsóknavinir Rauða krossins eru sjálfboðaliðar á ýmsum aldri. Þeir heimsækja fólk á einkaheimilum, stofnunum, sambýlum og á dvalarheimilum aldraða. Einnig fá fangar, hælisleitendur, fólk með geðraskanir og langveik börn heimsóknir. Markmiðið er að draga úr einsemd og félagslegri einangrun.

Viltu fá heimsóknavin?

Hundruð manns fá reglulega heimsóknavin frá Rauða krossinum til að spjalla, lesa, tefla, syngja og fara út að ganga eða í bíltúr. Hafðu samband og leitaðu nánari upplýsinga um fyrirkomulag heimsóknaþjónustunnar.

Viltu gerast heimsóknavinur?

Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sjálfboðaliðum í heimsóknaþjónustu einu sinni í viku, klukkustund í senn.

Námskeið

Undirbúningsnámskeið fyrir þá sem eru að hefja störf sem heimsóknavinir verða haldin:

26. september kl. 18.00-20.30
25. október kl. 18.00-20.30
23. nóvember kl. 18.00-20.30

Námskeiðin eru haldin á landsskrifstofu Rauða kross Íslands í Efstaleiti 9.

Skráning fer fram á www.raudikrossinn.is

Nánari upplýsingar hjá deildum á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkurdeild, Laugavegi 120, sími 545 0400
Kópavogsdeild, Hamraborg 11, sími 554 6626
Garðabæjardeild, Hrísmóum 4, Garðatorgi, sími 565 9494
Hafnarfjarðardeild, Strandgötu 24, sími 565 1222
Kjósarsýsludeild, Þverholti 7, sími 564 6035

Farið er í hugsjónir Rauða krossins og hlutverk sjálfboðaliða. 3 tímar – ekkert þátttökugjald.

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is

Empire State-byggingin í New York sómir sér vel á hillu úr dökkum viði.

Um tíma þóttu gamlir munir, svo sem úr tekki, nauðsynlegir inn í allar betri nútímalegar stofur - til að brjóta upp einsleitt umhverfið. Nú eru það minjagripir sem eiga að gegna svipuðu hlutverki. GETTY/NORDICPHOTOS

Tími minjagripa er kominn

Minjagripir hafa æ oftar sést í fínum húsbúnaðarblöðum síðustu árin en eru einkar áberandi um þessar mundir. Jafnvel mínimal-ískustu húsráðendur hafa í hvítum stofuhillum stillt upp gömlum Eiffel-turnum sem áður leyndust í skúffum og senjorítu-dúkkum og máluðum plöttum úr löngu liðnum ferðalögum.

Minjagripi eiga flestir eitthvað af. Sumir safna þeim markvisst og koma heim úr hverju ferðalagi með sitthvað í farteskinu. Á tímum hafa þeir þótt hallærislegir, einkum þeir gripir sem „alls staðar“ fást – í hverri einustu ferðamannaverslun í kringum Eiffel-turninn til að mynda. Þeir sem hafa verið duglegir að sanka að sér slíkum gripum geta glaðst því í húsbúnaðarblöðum má um þessar mundir sjá Eiffel-turna, frelsisstyttur, málaða platta og fleiri gripi úr ferðalögum.

Þá þykja hönnuðir undir áhrifum skreytinga og muna sem oft hafa talist klisjulegir en þeir færa verkin þá gjarnan í nýtt samhengi. Má þar nefna postulínsvörur hollenska hönnuðarins Hella Jongerius sem slógu í gegn fyrir nokkrum árum og eitt nýlegt dæmi er nýtt sænskt postulínsmerki, by MUTTI.

Lína Evu Gernandt var kynnt undir merkjum by MUTTI fyrir stuttu en línan kallast Tro, hopp og kærlek, eða Trú, von og kærleikur. Handmáluðu skreytingarnar minna um margt á minjagripi frá hafnarborgum en listakonan segir sjálf að hún hafi verið undir áhrifum af gömlu sjómannatattúmenningunni.

juliam@frettabladid.is

Vinsælu CHOP 2 POT skurðarbrettin fást hjá okkur.

Motivo
Hönnun, tíska og gjafavara
Austurvegur 9 Selfossi Motivo.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir

LANDMARK

FASTEIGNASALA

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

512 4900

www.landmark.is!

Magnús Einarsson löggiltur fasteignasali · Þórarinn Thorarensen sölustjóri · Sigurður Samúelsson löggiltur fasteignasali · Sveinn Eyland löggiltur fasteignasali · Kristberg Snjólfsson sölufulltrúi · Friðbert Bragason sölufulltrúi · Eggert Maríuson sölufulltrúi · Sigrún Hákonardóttir viðskiptafræðingur – skjalagerð

Árangur – Fagmennska – Framsækni



Húsið stendur innst í botnlanga með einstöku útsýni yfir Hafnarfjörðinn og út yfir sjóinn.

Glæsilegt einbýli í Hafnarfirði

Fasteignasalan Torg hefur til sölu glæsilegt einbýlishús í Fagrahvammi í Hafnarfirði.

Húsið sem er alls 481 m² er stórglæsilegt einbýli með aukaíbúð með sérinngangi á jarðhæð og stúdíóíbúð í bílskúr. Húsið stendur innst í botnlanga með einstöku útsýni yfir Hafnarfjörðinn og út yfir sjóinn.

Á jarðhæð aðalhússins eru forstofa, gestasalerni, hol, stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og geymsla. Stofan er stór með flísum á gólfi, glæsilegur arinn og Drápuhlíðargrjót prýðir tvo veggi hennar.

Gengið er upp á efri hæð um voldugan stiga. Þar er sjónvarpshol, tvö barnaherbergi og hjónaherbergi með tveimur stórum fataskápum sem hægt er að ganga inn í.

Drápuhlíðargrjót prýðir stofuna.

Í stúdíóíbúðinni er eitt svefnherbergi og í aukaíbúð á jarðhæð eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús, þvottahús og geymsla.

RE/MAX Senter

Ástþór Reyni Guðmundsson
Lögg. fasteignasali

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

audur@remax.is

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

heimili FASTEIGNASALA

Bogi Molby Pétursson lögg. fasteignasali · Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali · Andri Sigurðsson Sölufulltrúi og lögg. leigumiðlari. · Tryggvi Kornelíusson sölufulltrúi · Ásdís Irena Sigurðardóttir skjalagerð

530 6500

Skipholti 29a

Opið mán. - fös. frá kl. 9-17

www.heimili.is



Þorláksgeisli - 250 fm íbúð.
Vönduð 6 herbergja íbúð með tveimur bílskúrum. Fimm stór svefnherbergi, tvö baðherbergi, tvennar svalir og bjartar stofur. Vandaðar innréttingar og gólfefni ásamt lýsingu og tækjum. V 49 m.

Maríubaugur
Bjart og vel hannað 195 fm hús með innbyggðum 36 fm bílskúr. 4 góð svefnherbergi, verönd, afgirtur garður, hellulagt pílaplan.
V. 49,5 m.

Hlíðarvegur - sérghæð
Vönduð 195 fm neðri sérhæð með innbyggðum bílskúr. Eignin er á tveimur hæðum og stendur á góðum útsýnisstað.

Baugakór - glæsileg 2ja á jarðhæð.
Stórglæsileg 2ja herb. á jarðhæð með 50 fm sólpalli. Íbúðin er 74 fm og henni fylgir stæði í bílageymslu. Hér er allt af vönduðustu gerð. Laus við kaupsamning.
Verð 20,9 milljónir.

Draumahæð - Endaraðhús.
Gott endaraðhús á vinsælum stað í Garðabæ. Fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Suðursvalir, verönd og góður bakgarður.
V. 49,0 m.

Lindarbraut - sérhæð.
Glæsileg 124 fm hæð ásamt rúmlega 30 fm bílskúr. Fjögur svefnherbergi og stofa, glæsilegt útsýni. Eign á góðum stað á Nesinu.

Miðleiti - ásamt stæð í bílskýli.
Mjög vel skipulögð og falleg 120,7 fm 3ja - 4ra herbergja íbúð á 4. hæð ásamt 25,4 fm stæði í bílskýli, samtals: 146,1 fm. V 29,9 m.

Brekkutún - Einbýli við Fossvoginn
Gott 290 fm einbýli með aukaíbúð í kjallara. Húsið er á þremur hæðum kjallari, hæð og ris ásamt sérstandandi bílskúr. Róleg staðsetning nálægt skóla. Fallegur garður með sólpöllum. V. 53,0m.

Andrésbrunnur - 3ja herb.
Góð vandlega innréttuð 95 fm íbúð í lyftuhúsi og meðfylgandi stæði í lokuðu 3ja bíla bílskýli
Laus til afhendingar.

Hrauntunga - aukaíbúð.
Fallegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á frábærum stað í Suðurhlíðum Kópavogs. Möguleiki á aukaíbúð.
V 49,8 m.

Sævargarðar - raðhús.
Mjög fallegt og vel skipulagt raðhús á tveimur hæðum innst í botnlanga á eftirsóttum stað á Seltjarnarnesi. Áhv. mjög hagstæð lán.
V 50 m.

Hraunbær - Hagstæð kaup.
120 fm 4ra til 5 herbergja íbúð á 2. hæð. Þrjú svefnherbergi, tvær stofur og tvennar svalir. Þvottahús innan íbúðar. V. 19,9 m.

Naustabryggja - 5 herbergja
175 fm íbúð á tveimur hæðum og meðfylgandi stæði í bílskýli. Tvennar svalir og mikil lofthæð.
4 svefnherbergi.
Laus til afhendingar.

ÓSKUM EFTIR.
Vantar 2-4 herbergja íbúðir í breiðholti og hraunbæ.
Vantar sérhæðir í 105 og 108
Vantar sérbýli í smáíbúðarhverfi
Vantar 3ja herbergja íbúðir í miðbæ og vesturbæ.
Allar upplýsingar hjá sölumönnum.

Njótum síðustu sumardaganna – Nú styttist í Gormánuð

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477
Opið virka daga frá kl. 9-17

Ingólfur Gissurarson s: 896-5222 Lögg.fast.Sali.

Bárður Tryggvason s: 896-5221 sölustjóri

Heiðar Friðjónsson s: 693-3356 Lögg.fast.Sali.

Ellert Róbertsson s: 893-4477 sölumaður

Erlendur Davíðsson Löggiltur fasteignasali.

Sigþór Bragason s: 899-9787 Lögg.fast.Sali.

Jón Rafn Valdimarsson s: 695-5520 Lögg.fast.Sali.

Margrét Sigurgeirsdóttir s: 866-1515 skrifstofustjóri.

Þórarinn Friðriksson Sölum. Sími:844-6353

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

www.Valholl.is

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

Mikil sala - Vantar allar tegundir eigna í sölu. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.

Endaraðhús við Fannafold

207 fm endaraðhús á besta stað í Foldahverfi. 28fm innbyggður bílskúr. 4-svefnherbergi og rúmgóðar stofur. Skemmtilegt endaraðhús sem vert er að skoða.
Verð 43,9milj. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356

Heiðargerði - efri hæð

Falleg og vel skipulögð 4ra herb. efri hæð í góðu þríbýlishúsi á frábærum stað. 3 góð svefnherb. Parket. Suðursvalir. **Uppl. veitir Bárður í 896-5221**

Grafarvogur - nýlegt glæsil. endaraðhús á frábærum útsýnisstað.



Nýkomið 171 fm endaraðh. innst í lokaðri götu við Dofraborgir. Vandaðar innr. parket, 2 baðherb., 4 svefnherb., Stórar svalir og sólpallur. Tengist næsta húsi á bílskúr. Laust s.t. strax. Skipti mögul. á ódýrari / minni eign. Verð 42,5 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

Parhúsalóð við Búðavað í Norðlingaholti



Höfum til sölu parhúsalóð við Búðavað í Norðlingaholti. Teikningar af tveimur 250 fm húsum á tveimur hæðum fylgja. Lóðin er tilbúin til framkvæmda. Eftir er að greiða gatnagerðargjöld. Verð 12 milj. Allar uppl. um lóðina veitir Heiðar í s:693-3356.

Kleppsvegur 3ja herb. glæsileg íbúð.

Höfum tekið í sölu 3ja herb. glæsilega 102 fm íbúð á þriðju hæð í þessu vinsæla húsi fyrir eldri borgara. Stórar stofur og tvö rúmgóð herb. Baðherbergi með sturtu. Þvottarhús og geymsla innan íbúðar. Sérgeymsla í kjallara. Á annari hæð er sameiginlegur veislusalur sem íbúar hafa aðgang að. Sameign öll til fyrirmyndar. Verð 26,9 milj. Allar uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.

Einbýlishús við Klapparberg í Breiðholti

Fallegt og vel við haldið 195 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Klapparberg í Breiðholti. Neðri hæð skiptist í stofur, eldhús, þvottarhús, svefnherbergi og gestasnyrtingu. Á efri hæð eru 3-svefnherbergi, baðherbergi og sjónvarpsrými. Sérstæður jeppaskúr. Glæsileg lóð. Verð 46,9 milj. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.

Barðaströnd - glæsil. Einbýli

Nýkomið í sölu 318 fm einbýlishús á frábærum útsýnisstað m. 54 fm innbyggðum bílskúr. Fallegur skjólgóður suðurgarður staðsettur við Valhúsahæðina. Húsið er mjög skemmtilega hannað og auðvelt að gera breytingar. Glæsilegt útsýni.
Uppl. veita Bárður í 896-5221 eða Jón Rafn í 695-5520

Sérbýli

Efstasund einbýlishús
126 fm einb. Stofa er tvískipt og mætti breyta öðrum hlutanum í svefnh. Svefnh. er með skáp og parket á gólfi. Á baðherbergi er dúkur á gólfi, þar er sturta. Í kjallara er þvottahúsaðstaða og geymsla. Bílskúr er orðin nokkuð illa farin að utan, ljóst að eignin í heild þarfnast viðhalds. Mjög stór lóð. V. 31 millj.

Skjólsalir Glæsilegt
Glæsilegt raðhús í lokaðri botnlangagötu. Þrjú svefnherbergi (geta verið 4), Stórar stofur og velbúið eldhús. Tvær snyrtingar. Vandaðar innréttingar og góður frágangur á öllu. Skóli og íþróttamannvirki í örstuttu göngufæri. Eign fyrir vandláta. Verð 51,5 millj
uppl.Jón Rafn sími 695 5520

Reykjafold - Tvöfaldur bílskúr
200 fm vel skipulagt einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Fjögur svefnherbergi og möguleiki á að bæta við fimmta svefnherberginu gerist þess þörf. Frá stofu er útgengt á sólpall. Einnig er sjónvarpsherbergi. Stórt eldhús með góður skápaplássi. Bílskúrinn er 62 fm að stærð. V. 47,5 m. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

Glósalir Fallegt parhús
Fallegt 244 fm. Parhús með fallegu útsýni. 5 svefnherbergi . Stórglæsilegt eldhús og stofa með mikilli lofthæð. Vel skipulagt hús á frábærum stað
V 55,0 millj. Uppl. Sigþór s: 899 9787

Völvufell - gott raðhús á einni hæð.
Velskipulagt og talsvert endurn. 126 fm raðh. + 23 fm bílskúr á rólegum stað í Breiðholti. 3-4 sv.herb, nýlegt eldhús, tæki, baðherbergi. Suður verönd, fallegur lítill garður. Skipti skoðuð á íd. Ásett Verð 32,9 m. Skipti á íd. skoðað
Uppl. veitir Ingólfur 896-5222

Birkihlíð - vandað sérbýli
Falleg 156 fm sérbýli á 2 hæðum ásamt 28 fm bílskúr á fallegum útsýnisstað. 4-5 svefnh. Vandaðar innréttingar. Nýlegt parket. Stórar flísalagðar suðursvalir með glæsilegu útsýni. Vönduð eign á flottum stað. Stutt í bæinn og alla þjónustu. Uppl. veitir Bárður í 896-5221, skoðið myndir á fasteignir.is

Heiðargerði - einbýli.
Gott mikið endurnýjað 190 fm einbýli á tveimur hæðum, fallegur garður. V. 49,9m. Mögul. að setja minni eign upp í kaupverð. Nánari uppl. Ellert 893-4477

4ra til 5 herb

4ra með frábæru útsýni við Álfkonuhvarf
4ra herb 104fm, góð íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi við Álfkonuhvarf í Kópavogi. Gott skipulag og vandaður frágangur. Stæði í lokaðri bílageymslu. Eign með frábæru útsýni. Verð 27,5 milj. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356

Holtsgata - Rúmgóð íbúð
103 fm íbúð á þriðju hæð með glæsilegu útsýni yfir Vesturbæinn. Þrjú góð svefnherbergi. Stofan er með parketlögðu gólfi
Uppl. Sigþór S:899 9787.

Leirubakki - góð 4ra m. aukaherb. Laus strax.
Rúmgóð alls 116 fm 4ra herb. íb. ásamt aukaherb. í kjallara í góðu KLÆDDU fjölbýli. Nýl. eldhús, suður svalir, þvottaherb. í íb., parket, orginal bað, laus strax. Gott verð 19,9 millj. Lyklar á Valhöll.

Andrésbrunnur Vönduð 4-5 herb
Glæsileg 126 fm enda íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu. 4-5 svefnherbergi og fallegt baðherbergi. Útsýni yfir Úlfarsárdalinn og stutt í þróttasvæði og skóla. Verð 31.0 millj Góð lán áhvílandi.
Uppl. Sigþór s: 899 9787

4ra herb. með bílskúr í Garðabæ.
Mikið endurnýjuð 4ra herb. 123,5 fm sérhæð við Lynghóla í Garðabæ. Bílskúrinn er 28,8 fm. 3-svefnherbergi í mikið endurnýjaðri sérhæð. Fallegur garður, góð staðsetning. Eignin er laus við kaupsamning. Verð 26,9 milj. Uppl. veitir Heiðar 693-3356

3ja herb



Hrafnhólar - með bílskúr.
Góð og vel skipulögð 90 fm íbúð á 1.hæð. Íbúð er laus við kaupsamning. V. 19,9m.
Nánari uppl. Ellert 893-4477

Andrésbrunnur - glæsil. nýleg íb. m. bílskýli. Laus.
Nýleg ca 95 fm 3ja herb. íb. á 3.hæð í litlu lyftuhúsi. Stæði í 3ja bíla bílskúr á jarðhæð. Þvottaherb. í íb., góðar suðvestur svalir, parket, glóðar innr. og halogenlýsing. Skuldlaus. Laus strax. Verð 23,5 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

Bólstaðarhlíð - Björt eign
Falleg og vel skipulögð 92 fm íbúð á 2. hæð. Eignin er með tveimur svefnherbergjum en auðveldlega mætti bæta því þriðja við. Fallegt parket á gólfum og herbergi án þröskulda. Stór stofa, útgengt á svalir. Eldhús endurnýjað að hluta. V. 24,9 millj. Jón Rafn S: 695-5520

2ja herb

Frostafold yfirbyggðar suðursvalir.
Góð 56 fm. íbúð með stórum útsýnissvölum. Vel skipulögð íbúð. Snyrtileg sameign bæði úti og inni. V. 15,9m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

Spóahólar -laus við kaupsamning
Vel skipulögð 56 fm íbúð á 2.hæð í vel staðsettri blokk. Stórar svalir. V. 12,9m.
Nánari uppl. Ellert 893-4477

Seljavegur - Vesturbæ Rvk. Laus strax.
Nýkomin í einkasölu ca 68 fm 2ja herb. íb. á 1.hæð í þríbýli. Nýl.standsett bað. Laus strax. Áhv. ca 11,2 millj. Íbúðalánasjóður. Verð 17,5 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222

Eldri borgarar.

Hæðargarður - eldri borgarar.
Vorum að fá mjög góða ca 80 fm íbúð á 1.hæð í þessu vinsæla húsi. Íbúð er sérlega vel skipulögð og með góðum suður svalölum. Íbúð er laus. V. 25,9 m. nánari uppl. Ellert 893-4477

Árskógar Eldriborgarar
Björt og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 6.hæð í þessu eftirsótta húsið fyrir eldri borgara. Lyftuhús með mikilli þjónustu og afþreyingu. Þrjú góð herbergi, stofa, eldhús og rúmgott baðherbergi. Yfirbyggðar svalir. Húsvörður og mikil Þjónusta og afþreying. V 33.0 mill Uppl. Sigþór sími 899 9787.

Sumarhús og lóðir

Ásgarðsland - Nýtt ekki fullb. sumarhús.
Nýtt 91 fm bjálkahús á frábærum útsýnisstað í Grímsnesi. Húsið er ekki fullbúið, fokhelt gestahús, hitaveita og rafmagn á lóðarmörkum. Eignarlóð 0,73 ha. Ásett verð 16,5 m. Uppl. veitir Ellert 893-4477

Sumarhús - Húsafell
25 fm sumarhús byggt árið 1988. Eitt svefnherbergi, snyrting með sturtu. Einnig er svefnloft. Möguleiki ætti að vera á stækkun en lóðin er 1200 fm að stærð. V. 5,5 millj.
Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

Eyrarskógur eignarlóð
Nýlegt sumarhús á eignarlóð í kjarrivöxnu landi. 2 svefnh. og tvö svefnloft.Heitur pottur Húsið er vandað og allur frágangur góður. Staðsetning er mjög góð í náttúrulegu birkikjarri og mikið útsýni Einungis er um 40mín akstur frá Reykjavík stutt í sundlaug og veitingastaði / verslun. Fallegar gönguleiðir og stutt í veiði. V 15,9m Sigþór S: 899 9787

Hallkelshólar - 1 ha eignarland
Stórglæsilegt heilsárshús. Góð áhvílandi lán ca. 11.0 m millj.Húsið er 60,5 fm og byggt á steyptri plötu og með hita í gólfum. Tvö góð svefnh., Óskað er tilboða í eignina. Nánari upplýsingar: Sigþór 899 9787 sb@valholl.is

Til leigu

Engjateigur - Skrifstofa
Skrifstofa á 2. hæð á góðum stað í Reykjavík. Eignin skiptist í þrjú skrifstofurými ásamt móttöku og rúmgóðu eldhúsi.
Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

Mikil sala – Vantar eignir – Ákveðnir kaupendur.

Vantar 130 til 140 fm íbúð í lyftublokk. Nánari uppl. Ellert 893-4477

Vantar ca 80 til 90fm íbúð í lyftuhúsi. Uppl Ellert 893-4477

Vantar 3ja herb. Íbúð í Gullsmára íbúð fyrir eldri borgara. Uppl. Ellert 893-4477

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hrólfsskálamelur – Seltjarnarnesi

Glæsilegt fjölbýlishús. Einstök staðsetning

DRIVE LUXUS VIP	kl. 8 - 10:10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6 - 6:30 - 8:30	2D	16
FRIGHT NIGHT - 3D	kl. 10:30	3D	VIP
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	2D	7
LARRY CROWNE	kl. 8	2D	7
GREEN LANTERN	kl. 10.10	2D	12
HORRIBLE BOSSES	kl. 5:50 (vip) - 8 - 10:10	2D	12
BÍLAR 2 m/ísl.tal	kl. 5:30	2D	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

DRIVE	kl. 8	2D	16
ALGJÖR SVEPPI m/ísl.tal	kl. 8	2D	L
FRIGHT NIGHT	kl. 10:10	3D	16
ONE DAY	kl. 10:10	2D	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN	kl. 6 - 8	2D	L
DRIVE	kl. 8 - 10:10	2D	16
BÍLAR 2 m/ísl.tal	kl. 6	2D	L
FRIGHT NIGHT	kl. 10:10	3D	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

DRIVE	kl. 5:30 - 8 - 10:20	2D	16
ALGJÖR SVEPPI m/ísl.tal	kl. 5	2D	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 8 - 10:40	2D	7
FRIGHT NIGHT	kl. 8 - 10:30	3D	16
BÍLAR 2 m/ísl.tal	kl. 5:30	2D	L
FINAL DESTINATION 5	kl. 8	3D	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

DRIVE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	2D	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 8	2D	7
FRIGHT NIGHT - 3D	kl. 10:20	3D	16

Kvikmyndahátíð Auka sýningar vegna mikla eftirspurna

THE TREE OF LIFE Ótextuð	kl. 9	10
RED CLIFF enskur texti	kl. 6	14

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ 1 BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT	KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
I DON´T KNOW HOW... Í LÚXUS	KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
WARRIOR	KL. 8 - 10.50	16
SPY KIDS 4D	KL. 3.30 - 5.50	L
OUR IDIOT BROTHER	KL. 8 - 10.10	14
STRUMPARNIR 2D	KL. 3.40 - 5.50	L
STRUMPARNIR 3D	KL. 3.30 - 5.40	L
30 MINUTES OR LESS	KL. 8 - 10	14

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS 5%

I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT	KL. 5.50 - 8 - 10.10	L
COLOMBIANA	KL. 8 - 10.20	16
MELANCHOLIA	KL . 6 - 9	12
Á ANNAN VEG	KL. 6 - 8	10
SPY KIDS 4D	KL. 5.50	L
30 MINUTES OR LESS	KL. 10	14

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS

I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT	KL. 6 - 8 - 10	L
COLOMBIANA	KL. 6 - 8 - 10	16

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

COLOMBIANA	8 og 10.15(POWER)
WARRIOR	7 og 10
THE DEVILS DOUBLE	10.15
CHANGE UP	5.50 og 8
STRUMPARNIR - 2D	6 - ISL TAL

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is
MÁNUDAGUR: JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ SKUGGAR HINNA GLEYMDU FORFEÐRA (frítt inn) 20:00 ■ SVÍNASTÍAN (síðustu sýn.) 18:00, 20:00, 22:00 ■ ÞÖGLAR: DER KABINETT DES DR: CALIGARI 20:00 ■ GE9N 18:00, 22:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS 18:00 ÍSLENSKUR TEXTI. ENGLISH SUBTITLES.
VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!


DÁÐASTI ROKKSÖNGVARI SÖGUNNAR
FREDDIE MERCURY LÉST 24. NÓVEMBER 1991
NÚ 20 ÁRUM SÍÐAR HEIÐRUM VIÐ MINNINGU HANS
MEÐ STÓRTÓNLEIKUM Í HÖRPU
1991-2011
FREDDIE MERCURY
HEIÐURSTÓNLEIKAR
Í HÖRPU
SILFURBERGI
24. NÓVEMBER KL. 20:00
SÖNGUR EIRÍKUR HAUKSSON - MAGNI- FRIÐRIK ÓMAR
EYÞÓR INGI - MATTHÍAS MATTHÍASSON
GESTASÖNGKONA HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR ÓPERUDÍVA
ÁSAMT 12 MANNA ROKKHLJÓMSVEIT OG RADDSVEIT
UNDIR STJÓRN ÞÓRIS ÚLFARSSONAR
MIÐASALA HEFST FIMMTUDAGINN 22. SEPTEMBER KL. 12:00 Á WWW.HARPA.IS OG
Í MIÐASÖLU HÖRPU Í SÍMA 528-5050. TRYGGIÐ YKKUR MIÐA! MIÐAVERÐ 6.400.-

BYGGÐ Á METSÖLUBÓKINNI
“MÓÐIR Í HJÁVERKUM”

sarah jessica parker

I DON’T KNOW HOW
SHE DOES IT

SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL KHS
Á NÚMERIÐ
1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

KOMIN Í BÍÓ!

FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.
MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/HOWSHEDOESIT

sena

SIGURVEGARAR riðlanna sjö í undankeppni EM 2013 komast beint í úrslitakeppnina í Svíþjóð, ásamt því liði sem náði bestum árangri allra þeirra sem lentu í 2. sæti í riðlunum. Hin sex fara í umspil um þrjú laus sæti.

Á LEIÐ Í NETIÐ Hólmfríður Magnúsdóttir horfir hér á eftir boltanum í mark Norðmanna er hún kom Íslandi í 3-0 forystu á 32. mínútu.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eins og ein stór fjölskylda

Ísland vann einn sinn stærsta sigur frá upphafi er liðið lagði öflugt lið Noregs, 3-1, í undankeppni EM 2013. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði tvö stórglæsileg mörk og er Ísland í afar sterkri stöðu fyrir úrslitakeppnina í Svíþjóð eftir tvö ár.

FÓTBOLTI Ísland vann á laugardaginn glæsilegan 3-1 sigur á sterku liði Noregs í undankeppni EM 2013. Ísland er því með fullt hús stiga eftir tvo fyrstu leikina í riðlinum og þó svo að enn sé mikið eftir af undankeppninni sendi þessi sigur skýr skilaboð – stelpurnar ætla sér að komast í úrslitakeppni EM sem fer fram í Svíþjóð eftir tæp tvö ár.

Ísland hefur margoft spilað glimrandi vel en sjaldan betur en í fyrri hálfleik á laugardaginn. Á fyrstu 32 mínútunum skoruðu stelpurnar þrjú mörk og hefðu fleiri getað litið dagsins ljós. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði tvö stórglæsileg mörk og Margrét Lára Viðarsdóttir eitt úr vítaspyrnu sem hún fiskaði sjálf.

„Fyrri hálfleikurinn var með því allra besta sem við höfum sýnt,“ sagði landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson. „Þetta er nú í fjórða sinn á árinu sem við vinnum þjóð sem er á meðal fimmtán efstu á heimslista FIFA,“ bætti hann við en Ísland er í sautjánda sæti – Noregur í því tíunda. „Mér finnst við eiga heima ofar á listanum. Ég tel að við séum meðal tíu bestu þjóða heims.“

Þó svo að sóknarleikurinn hafi verið áberandi hjá íslenska liðinu spilaði allt liðið vel. Katrín Jónsdóttir fyrirliði segir að öflugur varnarleikur hafi gegnt lykilhlutverki. „Varnarleikurinn hjá okkur var mjög agaður og góður. Fyrir vikið spöruðum við orku sem við gátum notað í sóknina og uppskárum þrjú mörk,“ sagði Katrín en þær Sif Atladóttir hafa náð afar vel saman í hjarta íslensku varnarinnar.

„Við höfum náð að spila okkur mjög vel saman,“ sagði Sif. „En ekki bara í varnarlínunni heldur allur hópurinn. Við þekkjumst orðið svo vel og kjarninn í liðinu það góður að við erum eins og ein stór fjölskylda. Ég er ótrúlega stolt af öllum þeim sem komu nálægt þessum sigri – þetta var yndislegur dagur,“ bætti hún við.

Fanndís Friðriksdóttir hefur komið af miklum krafti inn í íslenska liðið að undanförnu og átti sérstaklega góðan fyrri hálfleik á laugardaginn. Þó svo að hún hafi ekki spilað með liðinu í mörg ár segir hún auðvelt að koma inn í þennan samheldna hóp.

„Stelpurnar hafa verið duglegar að veita mér alla þá hjálp sem ég þarf og eru viljugar í að tala mig til ef maður lendir í einhverju veseni. Það er ómetanlegt,“ sagði Fanndís.

Íslenska liðið náði ekki að fylgja eftir góðri frammistöðu í seinni hálfleiknum en spilaði engu að síður nógu góða vörn til að halda Noregi í aðeins einu marki.

„Auðvitað vonaðist maður eftir góðum síðari hálfleik líka,“ sagði Sigurður Ragnar. „En vörnin okkar var þétt og við hefðum þess vegna getað skorað fleiri mörk. En ég er samt afar ánægður með úrslitin og er þetta gott veganesti fyrir leikinn gegn Belgíu á miðvikudaginn.“ **eirikur@frettabladid.is**

63. landsliðsmark Margrétar Láru Viðarsdóttur

2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir skorði mark úr vítaspyrnu sem hún fiskaði sjálf. Markið kom á 15. mínútu og kom Íslandi í 2-0 forystu í leiknum.

63 Markið var 63. mark Margrétar Láru í 74 leikjum en hún er markahæsti leikmaður íslenska landsliðins frá upphafi.

Ísland	3-1	Noregur

Laugardalsvöllur, áhorf.: 3.007 — Kirsi Heikkinen, Finnl.

1-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (8.)
2-0 Margrét Lára Viðarsd., víti (15.)
3-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (32.)
3-1 Ingvild Stensland (70.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–8 (8–3)
Varin skot	Þóra 3 – Hjelmseth 4
Horn	4–6
Aukaspyrnur fengnar	6–12
Rangstöður	0–2

ÍSLAND 4–3–3

Þóra Björg Helgadóttir	8
Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir	7
Sif Atladóttir	8
Katrín Jónsdóttir	8
Hallbera Guðný Gísladóttir	6
Katrín Ómarsdóttir	6
(63. Laufey Ólafsdóttir	6)
*Sara Björk Gunnarsdóttir	9
Dóra María Lárusdóttir	7
(80. Guðný Björk Óðinsdóttir	-)
Fanndís Friðriksdóttir	8
(75. Dagný Brynjarsdóttir	-)
Hólmfríður Magnúsdóttir	8
Margrét Lára Viðarsdóttir	8

*Maður leiksins

Tryggið ykkur vandaðar og öruggar vörur á enn betra verði

Útsala

20% afsláttur af öllum vörum

Ertu klár í sjósportið!

Brimbretti • Gul Þurrgallar • Aquatic kayakvesti • Talstöðvar • PALM þurrgallar
Björgunarvesti • Flotgallar • Rock oil Tvígengisolía • Navisafe köfunarljós
Sjópokar • Sólgleraugu • Skór og hanskar í sjósundið ofl. ofl.

Við opnum í hádeginu kl. 12

G&G Gúmmíbátar & Gallar

Sjósport

Thunder Cat Racing

Súðavogi 42 (gegnt afleggjara að Snarfara) • 571 1020 • www.sjosport.is

Opið frá kl. 12 - 18

ROK OG RIGNING Leikur Vals og Þórs var sá eini sem leikinn var í Pepsi-deildinni í gær. Kolbeinn Kárason, til hægri, skoraði eitt marka Vals í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valsmenn unnu dramatískan 2-1 sigur á Þórsurum:

Valur vann rokleikinn

FÓTBOLTI Valur sigraði Þór 2-1 á heimavelli sínum að Hlíðarenda í gær í miklum rokleik með marki úr vítaspyrnu á 91. mínútu.

Öllum leikjum gærdagsins var frestað nema leik Vals og Þórs vegna veðurs og er óhætt að segja að veðrið hafi haft mikil áhrif á leikinn. Fátt var um fína drætti og áttu liðin vægast sagt erfitt með að byggja upp eitthvað spil. Engu að síður komu þrjú mörk í leikinn og úrslitin réðust með dramatískum hætti.

„Þetta var klárt víti. Það var bæði sparkað í hann og togað, ég sá þetta mjög vel," sagði Kristján Guðmundsson þjálfari Vals sem vann þarna annan leik sinn í röð.

Öðrum leikjum dagsins var frestað og sagði Kristján að hann hefði viljað spila. „Það hefði þó mátt taka ákvörðun fyrir helgi um að allir leikir væru spilaðir á mánudeginum á sama tíma. En við spiluðum þetta. Það eru alvöru karlmenn í þessum liðum."

Liðunum gekk betur að leika gegn vindi en með. „Menn halda að spila undan vindi hjálpi eitthvað til og menn eru kannski ekki eins ákveðnir að taka hlaup og bakka hvern annan upp en við vorum skipulagaðari og sterkari í seinni hálfleik. Okkur gekk betur að halda boltanum innan liðsins og það var súrt að fá á sig þetta mark á 90. mínútu og þar með ekki neitt úr leiknum," sagði Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs.

„Mér fannst að það ætti ekki að fresta einu né neinu þar sem við vorum látnir stíga upp í flugvél og spila hér í dag," sagði Páll sem var ósáttur við að öðrum leikjum gærdagsins hafi verið frestað.

Þessi úrslit þýða að Valur er með jafn mörg stig og FH í baráttunni um Evrópusæti en FH á leik til góða. Þór er enn í fallhættu. **- gmi**

VALUR	2-1	ÞÓR

1-0 Kolbeinn Kárason (42.)
1-1 Sveinn Elías Jónsson (69.)
2-1 Rúnar Már Sigurjónsson, víti (91.)

Vodafone-völlurinn, áhorf.: óuppgefið
Dómari: Gunnar Jarl Jónsson (7)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9–2 (5–1)
Varin skot	Haraldur 0 – Rajkovic 3
Horn	6–3
Aukaspyrnur fengnar	11–5
Rangstöður	0–1

Valur 4–5–1 Haraldur Björnsson 5 – Jónas Tór Næs 5, Atli Sv. Þórarinsson 6, Halldór Kr. Halldórsson 6, Brynjar Kristmundsson 6 – Ingólfur Sigurðsson 4 (53. Matthías Guðm. 5), Andri F. Stefánsson 6, Sigurbjörn Hreiðarsson 5 (74. C. Mouritsen -), ***Rúnar Már Sigurjónsson 7**, Pól J. Justinussen 4 – Kolbeinn Kárason 6 (61. Jón Vilhelm Ákason 7).

Þór 4–4–2 Srdjan Rajkovic 6 – Gísli Páll Helgason 7, Janez Vrenko 5, Þorsteinn Ingason 4, Aleksander Linta 5 – Sveinn E. Jónsson 7, Clark Keltie 6, Gunnar Már Guðm. 5, Ármann P. Ævarsson 4 – David Disztl 4 (66. Sigurður M. Kristjánsson 6), Jóhann H. Hannesson 4.

Netið er eins og vatn
úr krana, þarf bara
alltaf að virka

siminn.is

ÚRSLIT

Blackburn - Arsenal 4-3
0-1 Gervinho (10.), 1-1 Yakubu (25.), 1-2 Mikel Arteta (34.), 2-2 Alex Song, sjálfsmark (49.), 3-2 Yakubu (59.), 4-2 Laurent Koscielny, sjálfsmark (68.), 3-4 Marouane Chamakh (84.).

Aston Villa - Newcastle 1-1
1-0 Gabriel Agbonlahor (13.), 1-1 Leon Best (57.).

Bolton - Norwich 1-2
0-1 Anthony Pilkington (37.), 0-2 Bradley Johnson (42.), 1-2 Martin Petrov (64.).

Everton - Wigan 3-1
0-1 Franco Di Santo (31.), 1-1 Phil Jagielka (33.), 2-1 Apostolos Vellios (84.), 3-1 Royston Drenthe (98.).

Swansea City - West Brom 3-0
1-0 Scott Sinclair (14.), 2-0 Leroy Lita (23.), 3-0 Nathan Dyer (48.).

Wolves - QPR 0-3
0-1 Joey Barton (8.), 0-2 Alejandro Faurlin (10.), 0-3 DJ Campbell (87.).

Tottenham - Liverpool 4-0
1-0 Luka Modric (7.), 2-0 Jermain Defoe (66.), 3-0 Emmanuel Adebayor (68.), 4-0 Emmanuel Adebayor (93.).

Fulham - Manchester City 2-2
0-1 Sergio Agüero (18.), 0-2 Sergio Agüero (46.), 1-2 Bobby Zamora (56.), 2-2 Danny Murphy (74.).

Sunderland - Stoke City 4-0
1-0 Titus Bramble (5.), 2-0 Jonathan Woodgate, sjálfsmark (11.), 3-0 Craig Gardner (28.), 4-0 Sebastian Larsson (59.).

Manchester United - Chelsea 3-1
1-0 Chris Smalling (8.), 2-0 Nani (36.), 3-0 Wayne Rooney (44.), 3-1 Fernando Torres (45.).

STAÐAN

Man. United	**5**	**5**	**0**	**0**	**21-4**	**15**
Man. City	5	4	1	0	17-5	13
Chelsea	**5**	**3**	**1**	**1**	**8-6**	**10**
Newcastle	5	2	3	0	4-2	9
Stoke	**5**	**2**	**2**	**1**	**3-5**	**8**
Aston Villa	5	1	4	0	6-4	7
Everton	**4**	**2**	**1**	**1**	**6-4**	**7**
Liverpool	5	2	1	2	6-7	7
QPR	**5**	**2**	**1**	**2**	**4-6**	**7**
Wolves	5	2	1	2	4-6	7
Tottenham	**4**	**2**	**0**	**2**	**7-8**	**6**
Sunderland	5	1	2	2	6-4	5
Norwich	**5**	**1**	**2**	**2**	**5-7**	**5**
Swansea	5	1	2	2	3-5	5
Wigan	**5**	**1**	**2**	**2**	**4-7**	**5**
Blackburn	5	1	1	3	7-10	4
Arsenal	**5**	**1**	**1**	**3**	**6-14**	**4**
Fulham	5	0	3	2	4-7	3
Bolton	**5**	**1**	**0**	**4**	**8-13**	**3**
West Brom	5	1	0	4	3-8	3

Pepsi-deild karla:

Fimm leikjum frestað í gær

FÓTBOLTI Fimm leikjum var frestað í Pepsi-deild karla í gær vegna veðurs en þeir eiga allir að fara fram í dag. Snemma dags lá fyrir að leikirnir í Vestmannaeyjum og Grindavík gátu ekki farið fram en um klukkutíma fyrir áætlaðan leiktíma var þremur leikjum á höfuðborgarsvæðinu frestað.

Stórleikur ÍBV og KR verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

LEIKIR DAGSINS

Grindavíkurvöllur: Grindavík - FH	17.00
Fylkisvöllur: Fylkir - Stjarnan	17.00
Hásteinsvöllur: ÍBV - KR	17.00
Kópavogsvöllur: Breiðablik - Víkingur	17.00
Laugardalsvöllur: Fram - Keflavík	19.15

FAGNAÐ AF INNLIFUN Chris Smalling og Javier Hernandez fagna marki þess fyrrnefnda í leik Manchester United og Chelsea í gær. Smalling kom United í 1-0 forystu í upphafi leiksins. NORDIC PHOTOS/GETTY

United virðist óstöðvandi

Manchester United vann sannfærandi 3-1 sigur á Chelsea í toppslag helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Arsenal og Liverpool töpuðu sínum leikjum og Manchester City missteig sig óvænt gegn Fulham. Nýliðarnir unnu allir sína leiki.

FÓTBOLTI Manchester United er með fullt hús stiga að loknum fyrstu fimm umferðunum í ensku úrvalsdeildinni en í gær vann liðið góðan 3-1 sigur á Chelsea. Óhætt er að segja að leikurinn hafi staðið fyllilega undir væntingum.

United skoraði þrjú fyrstu mörk leiksins, en Fernando Torres minnkaði muninn fyrir Chelsea. Englandsmeistararnir hafa verið óstöðvandi á tímabilinu en liðið hefur skorað 21 mark og aðeins fengið á sig fjögur í þeim fimm leikjum sem liðið hefur leikið.

„Þetta var skrítinn leikur, mjög svo opinn og mikið um marktækifæri hjá báðum liðum. Ef við hefðum haft örlitla heppni með okkur í dag þá hefðu úrslitin orðið önnur," sagði Andre Villas-Boas, knattspyrnustjóri Chelsea, eftir leikinn í gær.

Eins og körfuboltaleikur

„Á tíma var þetta eins og körfuboltaleikur. Liðin sóttu af miklum krafti og boltinn fór á ógnarhraða um völlinn," sagði Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, eftir sigurinn gegn Chelsea í gær.

„Leikmenn Chelsea sköpuðu sér fullt af færum en á sama tíma spiluðum við frábæran fótbolta og nýttum okkar færi betur. Markið frá Nani var stórkostlegt en hann var upp á sitt allra besta í leiknum í dag."

Tottenham valtaði yfir Liverpool

Tottenham bar sigur úr býtum gegn Liverpool, 4-0, á White Hart Lane en tveimur leikmönnum Liverpool var vikið af leikvelli í leiknum og voru gestirnir níu gegn ellefu um tíma í leiknum.

„Þetta var virkilega lélegur leikur af okkar hálfu og mínir menn voru hreinlega ekki mættir til leiks frá byrjun," sagði Kenny Dalglish, knattspyrnustjóri Liverpool, eftir leikinn.

„Ég er gríðarlega ánægður með mörkin sem ég skoraði, það er mikilvægt að spila vel á heimavelli fyrir framan aðdáendur liðsins," sagði Emmanuel Adebayor, framherji Tottenham, eftir sigurinn, en hann gerði tvö mörk fyrir heimamenn.

Manchester City missteig sig í toppbaráttunni þegar liðið glutraði niður tveggja marka forystu gegn Fulham á Craven Cottage. Sergio Aguero hélt áfram uppteknum hætti og skoraði tvö fyrstu mörk leiksins, en Fulham neitaði að gefast upp og náði að jafna metin. Manchester City hafði unnið alla leiki liðsins fram að leiknum gegn Fulham í gær.

„Ég held að leikmenn mínir hafa haldið að leikurinn væri búinn þegar við komumst tveimur mörkum yfir, en í ensku úrvalsdeildinni er leikurinn aldrei búinn," sagði Roberto Mancini, knattspyrnustjóri Manchester City, eftir leikinn.

Nýliðarnir unnu allir

Á laugardaginn fóru nýliðar deildarinnar allir á kostum. Norwich, Swansea og Queens Park Rangers unnu sína leiki og það nokkuð sannfærandi. Arsenal tapaði óvænt fyrir Blackburn Rovers í miklum markaleik en lokatölurnar urðu 4-3. Varnarleikur Arsenal heldur áfram að vera ósannfærandi og versta byrjun félagsins frá stofnun úrvalsdeildarinnar staðreynd.

„Í augnablikinu er vörn okkar virkilega brothætt og með lítið sem ekkert sjálfstraust, en það hefur verið erfitt fyrir leikmennina að jafna sig eftir hamfarirnar á Old Trafford," sagði Wenger eftir leikinn á laugardaginn. Arsenal tapaði fyrir Manchester United 8-2 á dögunum en það hefur greinilega haft gríðarleg áhrif á sjálfstraust liðsins.

Sunderland valtaði svo í gær yfir Stoke, 4-0, þar sem heimamenn gerðu út um leikinn með þremur mörkum á fyrsta hálftímanum.

- sáp

SVEKKTUR Jose Mourinho átti erfitt með að trúa eigin augum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Óvænt tíðindi á Spáni:

Real tapaði fyrir Levante

FÓTBOLTI Óvænt úrslit urðu í spænsku úrvalsdeildinni í gær er Real Madrid tapaði fyrir Levante, 1-0, á útivelli. Sami Khedira fékk að líta rauða spjaldið undir lok fyrri hálfleiks og tryggði Arouna Koné Levante sigurinn með marki í seinni hálfleik.

Barcelona tapaði einnig stigum um síðustu helgi en svaraði því með 8-0 sigri á Osasuna á laugardaginn. Real Betis og Valencia tróna á toppi deildarinnar með fullt hús stiga eftir þrjár umferðir.

- esá

KOLBEINN Heldur áfram að raða inn mörkunum í Hollandi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Íslendingar á skotskónum:

Kolbeinn með fimmta markið

FÓTBOLTI Kolbeinn Sigþórsson heldur áfram að gera það gott í hollensku úrvalsdeildinni en hann skoraði í gær sitt fimmta deildarmark í alls sex leikjum með Ajax. Liðið gerði í gær 2-2 jafntefli við PSV og skoraði Kolbeinn fyrra jöfnunarmark Ajax undir lok fyrri hálfleiks.

Pálmi Rafn Pálmason skoraði fyrir Stabæk sem tapaði, 3-1, fyrir Odd Grenland í norsku úrvalsdeildinni og þá opnaði Ragnar Sigurðsson markareikning sinn með FC Kaupmannahöfn sem vann 2-0 sigur á Álaborg í dönsku úrvalsdeildinni. Arnór Smárason skoraði eitt mark í 4-0 sigri Esbjerg á Skive í B-deildinni þar í landi. FCK og Esbjerg eru bæði í efsta sæti í sínum deildum.

- esá

Síminn býður upp á hraðar og öruggar áskriftarleiðir þar sem þú getur fylgst með notkuninni og breytt áskriftinni eftir þínum þörfum með einum músarsmelli.

Hringdu núna í 800 7000 og veldu þína leið – með Netvara og Sjónvarpi Símans.

Vinsælasta leiðin

Leið 1 10GB — Mánaðarverð 4.490 kr.
Leið 2 40GB — Mánaðarverð 5.490 kr.
Leið 3 80GB — Mánaðarverð 6.490 kr.
Leið 4 140GB — Mánaðarverð 7.690 kr.

Viltu miklu hraðara Internet? Á siminn.is sérðu hvort Ljósnetið er komið til þín.

Síminn

> Angelina Jolie

„Við verðum ekki ástfangin með því að finna hina fullkomnu manneskju heldur sjáum við enga galla hjá hinni ófullkomnu manneskju.“

Angelina Jolie leikur í kvikmyndinni Changeling, sem gerist á þriðja áratug síðustu aldar og segir frá einstæðri móður sem verður fyrir því að syni hennar er rænt. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **SARA MCMAHON FYLGIST SPENNT MEÐ TILTEKT**

Skítapleis tekin í gegn

Mér finnst ofsalega gaman að raða, endurraða, skipuleggja og taka til. Ég á mjög erfitt með að slappa af ef umhverfi mitt er ekki þrifalegt eða ef uppvaskið bíður mín. Vegna þessarar áráttu minnar eru þættir á borð við Clean House í miklu uppáhaldi hjá mér en þar eru skítug heimili tekin í gegn, þrifin og endurhönnuð. Þættirnir eru sýndir á Style Network og er það Tempestt Bledsoe sem heldur um taumana ásamt hönnuðunum Mark Brunetz og Didi Snyder og altmuligt-manninum Matt Iseman. Ef nafn Bledsoe hringir einhverjum bjöllum þá fór sú hin sama með hlutverk Vanessu Huxtable í gamanþáttunum vinsælu The Cosby Show.

TEMPESTT BLEDSOE

Heimilin sem fjórmenningarnir taka í gegn eiga það sameiginlegt að vera óhreinni en gengur og gerist og oftast sést ekki einu sinni í gólfin vegna drasls og óhreininda. Fjórmenningarnir standa því framm fyrir ærnu verkefni í hverjum þætti (og oftast gera ábúendur þeim enn erfiðara um vik því þeir vilja sjaldnast segja skilið við allt draslið). Í einum þætti hittum við fyrir mann sem hafði hugsað um veikan föður sinn í mörg ár. Eftir andlát föðurins lagðist sonurinn í þunglyndi og hætti að fara út, taka til og eiga í samskiptum við fólk. Þegar Clean House-teymið kom til sögunnar hafði maðurinn heima hjá sér ógrynnin öll af sjónvörpum, sófasettum, tölvum og öðru drasli sem hann gat ekki hugsað sér að láta frá sér. Bledsoe tókst þó að telja manninn á að selja sem mest svo hægt væri að nota peningana til að kaupa ný húsgögn og í lok þáttarins var heimilið orðið snyrtilegt, vel skipulagt og að mestu laust við bletti.

Mér finnst alltaf jafn skemmtilegt að sjá „fyrir“ og „eftir“ myndirnar í lokin og því fylgir svolítið spennufall, ég slappa af og hugsa ánægð; „Hjúkket, einu skítugu heimilinu færra.“

RÚV

16.05 Landinn (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Húrra fyrir Kela (42:52) (Hurray for Huckle)
17.43 Mærin Mæja (32:52) (Missy Mila Twisted Tales)
17.51 Artúr (13:20) (Arthur)
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Doktor Ása (1:8) (Dr. Åsa II)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Undur sólkerfisins – Framandi líf (5:5) (Wonders of the Solar System) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Hér er nýjustu kvikmyndatækni beitt til þess að sýna stórfengleg náttúruundur í geimnum.
21.10 Leitandinn (42:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og dísarinnar Kahlan Amnell. Meðal leikenda eru Craig Horner, Bridget Regan, Bruce Spence og Craig Parker. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er fjallað um Íslandsmótið í fótbolta karla.
23.15 Réttur er settur (12:25) (Raising the Bar) Bandarísk þáttaröð um gamla skólafélaga úr laganámi sem takast á fyrir rétti.
00.00 Kastljós (e)
00.30 Fréttir
00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

08.20 Full of It
10.00 Old Dogs
12.00 Happily N'Ever After
14.00 Full of It
16.00 Old Dogs
18.00 Happily N'Ever After
20.00 Changeling
22.20 Little Children
00.35 Men in Black
02.10 The Illusionist
04.00 Little Children

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (35/175)
10:.20 Smallville (18/22)
11.05 Mercy (4/22)
11.50 Wipeout USA
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol (18/39)
14.20 American Idol (19/39)
15.05 ET Weekend
15.45 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons (8/22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (20/24)
19.45 Modern Family (9/24)
20.10 Extreme Makeover: Home Edition (16/25)
21.35 Love Bites (6/8)
22.20 Big Love (5/9)
23.15 Weeds (11/13) Gamanþættir um ekkjuna úrræðagóðu, Nancy Bowden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
23.45 It's Always Sunny In Philadelphia (9/13) Fjórða þáttaröð þessarar skemmtilegu gamanþáttaraðar.
00.10 Two and a Half Men (5/16)
00.35 Mike & Molly (1/24)
00.55 Chuck (1/24)
01.40 Come Fly With Me (5/6)
02.10 Entourage (11/12)
02.40 Stories from the Edge of Free Speech Heimildarmynd þar sem lögfræðingurinn Martin Garbus fer í gegnum þróun á hugmyndinni um málfrelsi í sögu Bandaríkjanna.
03.55 Afterworld
04.20 Das Leben der Anderen Þýsk verðlaunakvikmynd sem gerist í Þýskalandi árið 1984 fyrir fall Berlínarmúrsins.

SPORT *besta sætið*

07.00 Pepsi-mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
08.15 Pepsi-mörkin
16.10 Pepsi-deildin 2011 Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
18.00 Pepsi-mörkin
19.15 Spænski boltinn: Levante - Real Madrid Útsending frá leik Levante og Real Madrid í spænska boltanum.
21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
21.55 Grillhúsmótið Sýnt frá Grillshúsmótinu þar sem helstu kraftajötnar landsins keppa.
22.35 Dallas - Miami Útsending frá þriðja leik Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitum NBA.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Man. Utd. - Chelsea Útsending frá leik Manchester United og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
14.35 Everton - Wigan Útsending frá leik Everton og Wigan Athletic í ensku úrvalsdeildinni.
16.25 Sunnudagsmessan Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
17.40 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
18.40 PL Classic Matches: Blackburn - Chelsea, 2003
19.10 Blackburn - Arsenal Útsending frá leik Blackburn Rovers og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
22.00 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
22.30 Fulham - Man. City

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.50 Game Tíví (1:14) (e)
17.20 Rachael Ray
18.05 Life Unexpected (2:13) (e)
18.50 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (8:48)
19.15 Rules of Engagement - OPIÐ (e)
19.40 Hæ Gosi - OPIÐ (1:6) (e) Íslensk gamanþáttarröð sem fékk frábærar viðtökur í sumar. Ekki missa af heimskupörum Barkar, Víðis og allra hinna. Fylgst er með hversdagslegu en skrautlegu lífi bræðranna Barkar og Víðis og fólkinu í kringum þá. Reynir, faðir þeirra, er nýbúinn að missa eiginkonu sína þegar hann ákveður að fara á elliheimili. Bræðurnir skilja ekkert í pabba sínum, enda maðurinn enn á besta aldri en vill ólmur komast sem fyrst á elliheimilið.
20.10 One Tree Hill (21:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Hópurinn klofnar í tvennt. Annar helmingurinn fer í útilegu á meðan hinn leggur land undir fót og heldur til Púertó Ríkó þar sem Quinn fékk sérstakt ljósmyndaverkefni.
20.55 Parenthood (5:22) Bráðskemmtileg þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk. Kristina fer á stuðningsfund fyrir fólk með Asberger-heilkenni og reynir að sannfæra Adam um að koma með sér.
21.40 CSI: New York (14:22) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans.
22.30 Dexter (9:12) (e)
23.20 Law & Order: Special Victims Unit (1:24) (e)
00.05 Psych (11:16) (e)
00.45 Outsourced (1:22) (e)
01.10 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
06.50 BMW Championship (4:4)
12.00 Golfing World
12.50 BMW Championship (4:4)
18.00 Golfing World
18.50 BMW Championship (4:4)
22.00 Golfing World
22.50 Champions Tour - Highlights
23.45 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors
20.05 Wonder Years (1:6) Sígildir þættir um Kevin Arnold sem rifjar upp fjöruga æsku sína á sjöunda áratugnum.
20.35 Wonder Years (2:6) Sígildir þættir um Kevin Arnold sem rifjar upp fjöruga æsku sína á sjöunda áratugnum.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Harry's Law (3:12) Nýr gamansamur lögfræðiþáttur frá David E. Kelly um stjörnulögfræðinginn Harriet Korn (Kathy Bates) sem hættir hjá þekktri lögfræðistofu og stofnar sína eigin. Hún ræður til sín harla óvenjulegan hóp samstarfsfólks og ákveður að taka að sér mál þeirra sem minna mega sín.
22.35 The Whole Truth (13:13) Spennandi lögfræðidrama. Kathryn Peale er metnaðarfullur saksóknari í New York. Jimmy Brogan er vinur hennar frá því þau voru við nám saman í Yale-háskólanum og er virtur verjandi í borginni.
23.20 Game of Thrones (5:10)
00.15 Wonder Years (1:6)
00.40 Wonder Years (2:6)
00.50 The Doctors (115:175)
01.45 Sjáðu
02.10 Fréttir Stöðvar 2
03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
18.30 2 gestir Fjölbreyttur þáttur þar sem að gestastjórnandi fær til sín góðan gest.

ÍNN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
20.30 Golf fyrir alla Brynjar og Óli Már spila í Grafarholti, annar þáttur.
21.00 Frumkvöðlar Elínóra Inga og frumkvöðlar framtíðar.
21.30 Eldum íslenskt Frú Margrét skólastýra í Hússtjórn tekur slátur.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Fitulítil og próteinrík...

... og passar með öllu

www.ms.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10
Extreme Makeover: Home Edition

Ty Pennington og sjálfboðaliðaher hans heldur til Louisville í Kentucky til að aðstoða fjölskyldu ungs manns sem er blindur og hreyfihamlaður.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Bak við stjörnurnar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ennislokkur einvaldsins **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Við sjávarsíðuna **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Tónlistarklúbburinn **23.05** Glæpasagnaganga Borgarbókasafnsins og Rásar 1 **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

10.10 EastEnders **10.45** Keeping Up Appearances **11.15** Fawlty Towers **11.45** ¸Allo ¸Allo! **12.20** ¸Allo ¸Allo! **12.50** The Inspector Lynley Mysteries **13.40** The Inspector Lynley Mysteries **14.25** Keeping Up Appearances **14.55** Keeping Up Appearances **15.25** ¸Allo ¸Allo! **16.00** ¸Allo ¸Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.05** Fawlty Towers **17.35** Inspector Lynley Mysteries **18.25** Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** The Old Guys **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI

DR 1

08.00 Debatten **09.30** Søren Ryge præsenterer **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **12.10** Merlin **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Stor & Lille **14.30** Willas vilde dyr **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv. Bidt af naturen **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Jamies australske kokkeskole **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Lewis **21.30** OBS **21.35** Dronningeofret

NRK 1

09.45 Svenske hemmeligheter **10.00** Nyheter **10.15** Førkveld **10.55** VM sykkel. Tempo U23 **11.00** Nyheter **11.05** VM sykkel **12.00** Nyheter **12.05** VM sykkel **13.00** Nyheter **13.10** VM sykkel **14.00** Nyheter **14.10** VM sykkel **15.00** Nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Puls **18.15** Jobben er livet **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Schmokk **20.00** Hvem tror du at du er? **21.00** Kveldsnytt **21.15** Boardwalk Empire **22.10** Nytt på nytt

svt1

10.45 Från Lark Rise till Candleford **11.45** Hundra procent bonde **12.20** Döttrar **12.30** Elvira Madigan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Maestro **19.00** Lykke **20.00** Extreme places with Björnulf **20.30** Lärare på bortaplan **21.00** Damages **21.40** Mördare okänd **23.25** Rapport **23.30** Landet runt **00.15** Rapport **00.20** Sverige!

Eirberg

Hámarks stuðningur í íþróttum og almennri heilsurækt

Anita active Íþróttabrjóstahaldarar

- Einstakur stuðningur
- Góð öndun
- Allt að 78% minni hreyfing á brjóstum
- Verðlaunuð hönnun
- **Stærðir A-H 70-105**

reddot design award winner 2011

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Lesendur okkar eru á öllum aldri



– og við þjónum þeim öllum





FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

SJÓNVARPSÞÁTTURINN



„Dexter er alltaf uppáhalds. Hann er svo skemmtilega klikkaður! Eini þátturinn þar sem maður fær að fylgjast með morðingjanum, en ekki bara einhverjum rannsóknarlögreglumönnum.“

Ósk Gunnarsdóttir þúsundþjalasmiður.

Sigur Rós á fundi með Ben Stiller á Kexi

„Þetta var mjög óformlegt,“ segir Orri Páll Dýrason, trommari Sigur Rósar.

Liðsmenn hljómsveitarinnar Sigur Rósar áttu fund með Hollywood-leikaranum Ben Stiller á föstudagskvöld. Fundurinn fór fram á Kexi við Skúlagötu og vakti mikla athygli viðstaddra.

Orri segir að liðsmenn sveitarinnar og Ben Stiller eigi sameiginlegan vin. Hann hafi hlustað á tónlist þeirra og óskað eftir að hitta þá. Þá eru starfsmenn framleiðslufyrirtækisins True North, sem lóðsuðu Stiller um á ferðum hans hér, Sigur Rósarmönnum að góðu kunnir eftir gerð myndarinnar Heima. „Við vorum bara að fá okkur drykk og spjalla,“ segir Orri.

Hann hefur ekki verið að falast eftir kröftum ykkar í Íslandsmyndina sína?

„Nei, við töluðum ekkert um það.“

Ben Stiller og föruneyti hans, undir stjórn Finns Jóhannssonar hjá True North, renndi í hlað á 101 hóteli um sex leytið á föstudagskvöld eftir akstur frá Stykkishólmi. Þar hafði hann skoðað tökustaði fyrir kvikmyndina The Secret Life of Walter Mitty sem hann hyggst taka upp hér á landi á næsta ári. Samkvæmt Twitter-síðu leikarans hélt hann vestur um haf á laugardaginn.

- hdm

STUÐ Á KEXI Strákarnir í Sigur Rós hittu Ben Stiller um helgina.

AIKIDO

Japönsk bardagalist fyrir alla, **fríir prufutímar**

7-12 ára: Mánudaga og miðvikudaga kl 17:00

13 ára og eldri: Mánudaga og miðvikudaga kl 18:00

www.aikido.is

Tölvupóstur: aikido@aikido.is - Sími: 6699374

Sérhæfð vörudreifing

Við bjóðum upp á klæðskerasniðnar lausnir í vörudreifingu fyrirtækja. Hagstæð, örugg og gæðavottuð þjónusta.

Hafðu samband til að fá nánari upplýsingar í síma 585 8300 eða 585 8330.

Póstdreifing - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is

Póst dreifing

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SKÚBB
Meiri Vísir.

visir

ÞUNGAROKKSSTJARNA Þorbjörg Helga leikur aðalhlutverkið í næstu kvikmynd Ragnars Bragasonar, Málmhaus. Myndin fjallar um unga stúlku á afskekktu kúabúi sem dreymir um að verða þungarokksstjarna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÞORBJÖRG HELGA: ÞUNGAROKKIÐ ÓPLÆGÐUR AKUR

Hlustar á Iron Maiden til að búa sig undir hlutverk

„Mér er farið að finnast það alveg rosalega skemmtilegt,“ segir Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir leikkona sem hlustar á sígilt þungarokk til að búa sig undir hlutverk á hvíta tjaldinu.

Þorbjörg útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands 2009 og hefur síðan þá tekið að sér fjölbreytt verkefni í leikhúsinu, lék meðal annars eitt aðalhlutverkanna í sýningunni Rautt brennur á móti þeim Jörundi Ragnarssyni og Dóru Jóhannsdóttur. Íslenskir kvikmyndahúsagestir eiga hins vegar eftir að sjá mikið til Þorbjargar á næstunni; hún leikur sjómannseiginkonuna Höllu í kvikmyndinni Djúpið eftir Baltasar Kormák en hún byggir á einstöku björgunarafreki Guðlaugs Friðþórssonar og svo verður hún í aðalhlutverki í kvikmyndinni Málmhaus, kvikmynd Ragnars Bragasonar sem fer í framleiðslu á næsta ári.

Málmhaus segir frá ungri stúlku á afskekktu kúabúi á því herrans ári 1992 sem á sér þann draum heitastan að verða þungarokkstjarna. Fyrstu árin á tíunda áratug síðustu aldar voru mikil gullöld fyrir sanna þungarokksaðdáendur og því ekkert skrýtið að sagan skuli gerast á því tímabili. Hins vegar má velta því fyrir sér af hverju Ragnar Bragason er svona hrifinn af þessu ári því sjónvarpsþáttaröðin Heimsendir gerist um verslunarmannahelgina það sama ár. En það er önnur saga.

„Bróðir minn er mikill þungarokkari en ég var það ekki. Eftir að ég fór hins vegar að hlusta á það og sökkva mér ofan í það fór mér að finnast það skemmtilegt og er núna komin með ansi rokkaðan lagalista á I-podinum,“ útskýrir Þorbjörg og nefnir helst lög með Iron Maiden.

Þorbjörgu líst vel á samstarfið við Ragnar Bragason. Hann vinnur mjög náið með leikurum og leyfir þeim að taka virkan þátt í að móta persónur sínar. „Mér finnst þetta virkilega skemmtilegt umfjöllunarefni og þessi stelpa er sterkur karakter sem verður gaman að kynnast betur.“

freyrgigja@frettabladid.is

Kalli Berndsen leitar að konum

„Ég er að leita að öllum konum sem eru til í að sjá sjálfar sig í nýju ljósi,“ segir Karl Berndsen, en hann er þessa daga að undirbúa tökur á nýjum þætti.

Þátturinn, sem fer í loftið á Stöð 2 í byrjun árs og hefur ekki enn fengið nafn, verður lífsstílsþáttur þar sem Karl gefur konum ráðleggingar varðandi útlitið.

Karl lofar flottum þætti en búið er að sérsmíða stúdíó fyrir hann þar sem allar tökur fara fram. Hann segist ætla að taka bæði áhorfendur og konurnar sem til hans koma „hálfa leið til Hollywood“ í þáttunum.

„Þetta er rándýrt og allt öðruvísi en það sem ég hef verið að gera. Ég er mjög spenntur yfir að hefjast handa,“ segir Karl og bætir við að hann sé kominn til að vera á sjónvarpsskjánum.

„Það er ekki auðvelt og mér líður ekki alltaf vel í sjónvarpi því þetta er mikil vinna og ábyrgð sem fylgir þessu. Ekki bara varalitur og háir hælar. Það er mér samt mikið metnaðarmál að gera konur glæsilegar svo ég læt mig hafa það því ég fæ svo mikið til baka.“

Karl hvetur sem flestar konur til að skrá sig til leiks og segist sjálfur hafa reynslu af því að flestar íslenskar konur fari í svona verkefni með opinn huga og treysti honum.

VILL SJÁ SEM FLESTAR Karl Berndsen hvetur sem flestar konur til skrá sig í nýja þáttinn hans Stöð 2 en skráning hefst í dag. Hér er hann með Rikku og Þórunni Antoníu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég lýsi bara eftir ósköp venjulegum konum sem vilja fá ráðgjöf um útlit og annað. Ég vil einnig taka það fram að vaxtarlag er algert aukaatriði í mínum huga. Mér finnst allur vöxtur flottur og get unnið með allt,“ segir Karl en skráning í þáttinn hefst í dag á vefsíðunni stod2.is.

- áp

Safnaðu þekkingu

Námskeið í upphafi haustmisseris

Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst



MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Töfrar raddarinnar – námskeið í raddbeitingu og framsögn
hefst 28. september

Víti, fjandinn og illskan
hefst 3. október

Jazzbíó
hefst 3. október

Málverkið í samtímanum
hefst 4. október

Saga læknisfræðinnar frá fornöld til nútímans
hefst 5. október

Reykjavík: tæknin og sagan
hefst 5. október

Úr neista í nýja bók - fjarnámskeið
hefst 6. október

Kvikmyndahandrit - ritsmiðja
hefst 10. október

Kirsuberjagarðurinn: námskeið og leikhúsferð
hefst 10. október

Hormónatruflandi efni í matvælum
haldið 10. október

Forsaga Íslands
hefst 11. október

TUNGUMÁL

Kínverska fyrir byrjendur
hefst 26. september

Örlög og ástir á þýsku: þjálfun í þýsku talmáli og þýskum kurteisisvenjum á nýstárlegan hátt
hefst 5. október

Danska II
hefst 10. október

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna
hefst 6. október

Kvíði barna og unglinga
haldið 10. október

NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Starfsmannasamtöl og frammistöðumat
hefst 27. september

Bættar ráðningaraðferðir og mælanlegt frammistöðumat
hefst 10. október

Stjórnun breytinga – hlutverk stjórnenda og þáttur starfsmanna
hefst 12. október

Samskiptahæfni og upplýsingamiðlun
hefst 13. október

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Starfsemi bankastofnanna
hefst 28. september

Arðsemismat verkefna – reiknilíkön í Excel
hefst 10. október

Excel I - fjármál og rekstur
hefst 11. október

Skattlagning úttekta úr atvinnurekstri
hefst 13. október

STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Facebook sem markaðstæki – fyrir lengra komna
hefst 3. október

Öflugt sjálfstraust
hefst 4. október

Sölu- og ráðgjafanámskeið. Inniskór eru ekki málið!
hefst 5. október

Grunnnámskeið í verkefnastjórnun
hefst 12. október

LÖGFRÆÐI

Lagaenska (e. Legal English) The Practice of Law & Contracts
hefst 3. október

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Þverfagleg meðferð og eftirmeðferð sjúklinga sem liggja á gjörgæslu. Áhrif á endurheimt lífsþróttar
haldið 7. október

Siðfræði heilbrigðisþjónustu; Fagmennska, siðareglur og rannsóknir
hefst 10. október

Sálgæsla og áfallahjálp – samfylgd í kjölfar áfalla
hefst 11. október

VERK- OG TÆKNIFRÆÐI, ARKITEKTÚR OG UMHVERFI

Skipulag og hönnun: Lausnir fyrir reiðhjól
haldið 3. október

Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

*Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2011

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Björn á nýjum slóðum

Heimildarmyndin Jón og séra Jón var frumsýnd á dögunum í Bíói Paradís. Myndin fjallar um séra Jón Ísleifsson, sem hefur verið sóknarprestur í Árnesi á Ströndum í tólf ár. Fáir vita að tónlistarmaðurinn **Björn Jörundur Friðbjörnsson** semur alla tónlistina í myndinni, en hún að miklu leyti sálmar leiknir á kirkjuorgel og hörpu. Björn Jörundur sýnir því á sér nýja hlið, en tónlist hans með hljómsveitinni Nýdönsk hefur hingað til verið hans aðalsmerki.

Stjörnumeðferð

Leikarinn **Ben Stiller** skemmti sér á Kexi hosteli við Skúlagötu á föstudagskvöld, eins og fram kemur á blaðsíðu 26. Stiller var þar í félagi við strákana í Sigur Rós og fengu aðrir gestir á staðnum óvæntan bónus vegna nærveru leikarans. Kexið er jafnan opið til ellefu á kvöldin en að þessu sinni var opið einni og hálfri klukkustund lengur. Barþjónarnir gáfu þær skýringar á bónusnum að þetta væri vegna „sérstakra aðstæðna“.

- afb, hdm

Mest lesið vísir

1. Ökumenn fastir á Suðurlandi
2. Siemens rýfur tengsl við kjarnorkuiðnað
3. Fyrirætlanir um frelsun „njósnara“ tefjast
4. Bátsferðum til Vestmannaeyja aflýst
5. Strauss-Kahn í viðtal

Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

netverslun www.weezo.is

WEEZO

jumpsuit

...ERTU TILBÚIN(N)

fyrir haustið

Kr. 14.900,-

Skoðaðu úrvalið á www.weezo.is

Fæst aðeins í netverslun www.weezo.is info@weezo.is